

„Stórir strákar  
fara ekki að grenja“

13. MARS 2020 / 11. TBL. 111. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

Ljótur leikur í Leifsstöð  
„Þetta fallega  
land á ekki að  
hafa þennan  
blett á sér“



# DV

HÆTTI Í VEL LAUNAÐRI VINNU  
TIL AÐ GERAST DRAGDROTTNING

Hilmir Snær

## HROKINN GERÐI MIG LELEGAN

■ Taldi sig um tíma of góðan fyrir sum hlutverk ■ Kippt niður á jörðina af fjölskyldu og vinum ■ Var hræddur um að festast sem einhver „loverboy“



# 10 leiðir

## TIL AÐ KOMA AUGA Á LYGAR



### Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - [www.bilasmiðurinn.is](http://www.bilasmiðurinn.is) - [bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is](mailto:bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is)

**Webasto**  
Feel the Drive





## Fleyg orð

„Ég hef gengið í gegnum margt skelfilegt í mínu lífi, sumt af því gerðist í raun og veru.“

– Mark Twain

## Á þessum degi, 13. mars



**1610** – Galileo Galilei gaf út niðurstöður fyrstu athugana sinna með sjónauka í ritinu Sidereus Nuncius.



**1876** – Alexander Graham Bell hóf fyrstu tilraunina til úthringingar með símanum.



**1922** – Mahatma Gandhi var handtekinn á Indlandi fyrir uppreisnaráróður.



**1942** – Bandaríski söngvarinn Scatman John fæddist.



**1979** – Maurice Bishop framdi valdarán á Grenada.

# Uppistand fyrir einn

■ Þórhallur Þórhallsson býður upp á uppistand í gegnum Skype  
■ Gleður fólk í sóttkví

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is



Þórhallur Þórhallsson, uppistandari með meiru, auglýsti þjónustu sína á samfélagsmiðlum á dögunum og býðst til þess að vera með uppistand í gegnum veraldarvefinn, sérstaklega ætlað þeim sem eru í sóttkví. „Það eru allir uppistandarar búnir að lenda í því að uppistandi sé frestað og samkomur settar á ís,“ segir Þórhallur í samtali við DV.

„Það er um að gera að nýta tæknina og reyna að gleðja einhvern í gegnum tölvuskjáinn, hvort sem það er Skype eða FaceTime. Það hlýtur að vera hundleiðinlegt til lengdar að vera fastur heima í sóttkví.“

Á undanförunum dögum hafa skemmtikraftar verið afbókaðir í hrönnum vegna þess að hætt hefur verið við ýmsa viðburði og skemmtanir. Á meðal þeirra sem hafa lent í slíku eru Margrét Erla Maack, Björk Jakobsdóttir, Svavar Knútur og Atli Viðar Þorsteinson. Um er að ræða gríðarlegt tekjutap fyrir suma en Margrét Erla vakti athygli á mikilvægi þess að skipuleggjendur og skemmtikraftar næðu einhvers konar samkomulagi við skyndilega afbókun viðburða, til dæmis að borgað væri inn á laun skemmtikraftsins og hóað í hann þegar að COVID-19 faraldurinn væri afstaðinn. Í þræði Margrétar Erlu sagðist söngkonan Kristjana Stefánsdóttir hafa misst mánaðartekjur vegna faraldursins og tónlistarmaðurinn Svavar Knútur tók í sama streng. Rithöfundurinn Gunnar Helgason blandaði sér einnig í umræðurnar og hrósaði HS Orku, sem greiddi laun eiginkonu hans, skemmtikraftsins Bjarkar Jakobsdóttur, að fullu vegna veislu sem átti að halda næstkomandi laugardag en var aflýst.

„Til hreinnar fyrirmyndar! Björk lofaði að vera til taks þegar kallið kæmi seinna,“ skrifaði Gunnar.

### Beðið eftir bókun

Þórhallur segist ekki enn vera kominn með uppistandspantanir gegnum netið, en hann býður spennitur eftir vendingu í þeim málum.

„Það gæti verið þínu vandræðalegt að vera með uppistand fyrir einhvern einn á skjánum. Það er yfirleitt betra að hafa stærri áhorfendahóp,“ segir Þórhallur hress, en hann þiggur allar áskoranir.

Í lok nóvember á síðasta ári fór Þórhallur ásamt þeim Helga Steinari Gunnlaugssyni og Bjarna Baldvinsyni til Kína með það að markmiði að skemmta fólki. Ein af borgunum sem þremenningarnir heimsóttu var Wuhan



### Erfiður tími

Margrét Erla er vinsæll skemmtikraftur en nú hefur mörgum viðburðum verið aflýst vegna COVID-19.

þar sem COVID-19 veiran, sem nú skekur heimsbyggðina, er talin eiga upptök sín. Þórhallur fullyrðir að hann sé ekki smitaður, enn sem komið er, og að stemningin í Wuhan hafi verið þrælgóð.

„Þegar við vorum með sýninguna voru íbúar í Wuhan allavega enn í góðu skapi. Við vor-

um þarna bara korteri áður en veiran fór að breiðast út, liggur við. Ég hef oft talað um það hvað ég er kvíðinn og það fór að sjálfsögðu allt á flug í mínu kerfi þegar fréttirnar byrjuðu að berast af faraldrinum, en ég virðist hafa sloppið,“ segir Þórhallur. ■

## 5 snertilausar leiðir til að heilsast í veirufaraldri

### Fótabandið fræga

Íbúar í Wuhan-héraði tóku fljótt upp á því að heilsast með því að slá saman skóm enda í miðpunkti veirufaraldursins. Sú aðferð kallast „Wuhan-handabandið“ og hefur vakið athygli og lukku á veraldarvefnum.



### Loftfimman

Þessi nálgun hefur löngum þótt sigild. Loftfimman telst þó ekki með ef fjarlægð milli einstaklinganna er meiri en níu metrar.

### Heilsaðu eins og Vúlkani

Nú kemur sér vel að vera Trekkari og kunna rétt táknmál. Þetta er merki sem án nokkurra orða segir: Lifðu vel og lengi. Persónulegra getur það ekki orðið.



### Allt með látbragði

Það er hægt að gefa knús án þess að knúsast, takast í hendur án snertingar, en þú þarft að finna látbragðsleikarann í þér og vona að manneskjan á móti sé í sama gír. Það getur brugðið til beggja vona.

### Segðu bara hæ

Stundum þarf ekkert flækja hlutina. Þarna er best og áhættuminnst að nota munninn frekar en fadmlag eða handaband. En sé spennan óbærileg eða viðkomandi ekki sést í háa herrans tíð, er mælt með hoppi.





NÝTT Í SÖLU

BÚUM  
BETUR



www.bygg.is

# Naustavör 36-42



## Bryggjuhverfið í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 3-4 hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 36-42. Íbúðirnar eru 84-204 fm, 2-4 herbergja.

Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílskýli fylgja flestum íbúðum. Útsýni til sjávar er úr flestum íbúðum.



REYNSLA  
FAGMENNSKA  
METNAÐUR



Skoðið  
teikningar  
á bygg.is



FASTEIGNA  
MARKAÐURINN ehf  
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500  
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali



FASTEIGNASALAN  
**TORG**  
KRAFTUR - TRAUST - ÁRANGUR  
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ  
Sími 520 9586



FJÁRFESTING  
FASTEIGNASALA ehf  
Sími 562 4250  
www.fjarfesting.is  
Borgartúni 31

Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 36 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.



## Hver er hún

■ Hún er fædd í ágúst árið 1959.

■ Hún stundaði nám við Menntaskólann í Hamrahlíð og er með BA-próf í lögfræði.

■ Hún er fjögurra barna móðir frá Ólafsfirði.

■ Hún hefur verið lögblið frá bernsku.

■ Hún tók þátt í söngvakeppninni X Factor árið 2007 og slasaðist þegar upptökur stóðu yfir.



SVAR: INGÁ SÆLAND

## Það er staðreynd að...



Aðeins 10–15% jarðarbúa eru örvhent.



Meðalmanneskja eyðir um sex þúsund krónum á fyrsta stefnumótinu.



Heilbriggt hjarta dælir um 2.000 lítrum af blóði á dag.



Bandaríkjamenn borða yfir 10 milljarða kleinuhringja árlega.



Meðaltími samfara er þrjár til sjö mínútur.

# „Það var komið fram við mig eins og glæpamann“

Auður Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



**B**andarískur blaðamaður segist hafa orðið fyrir alvarlegri kynþáttamismunun af hálfu starfsmanna á Keflavíkurflugvelli í október síðastliðnum. Maðurinn var leiðinni heim til New York eftir stutt frí á Íslandi. Fullyrðir hann að hann hafi þurft að sæta yfirheyrslu og niðurlægjandi rannsókn eingöngu vegna kynþáttar síns, en maðurinn er af rómönskum uppruna. Málið er til rannsóknar hjá Samgöngustofnun Bandaríkjanna.

Í samtali við DV segist maðurinn ekki vilja láta nafns síns getið því mál hans sé enn til meðferðar hjá Samgöngustofnun Bandaríkjanna (DOT).

„Ég hafði verið í frí á Íslandi, ásamt föður mínum. Hann var að fljúga frá Suður-Ameríku til Spánar til að heimsækja ættingja og við ákváðum að hittast á miðri leið, á Íslandi, þar sem við höfðum ekki hist í tvö ár. Við hittumst á Keflavíkurflugvelli og áttum fjóra daga saman á Íslandi,“ segir maðurinn en hann kveðst hafa verið búsettur í New York síðan árið 2007. Hann hafi ferðast víða um heim allt frá því hann var barn og heimsótt allar heimsálfur.

### Óviðeigandi spurningar

Maðurinn átti bókað flug frá Íslandi til New York þann 4. október síðastliðinn.

„Ég var að bíða eftir að innrita mig í flug hjá United Airlines á Keflavíkurflugvelli þegar karlmaður kom upp að mér, án þess að kynna sig nokkuð, en hann átti víst að vera starfsmaður á vegum

United. Hann fór að spyrja mig alls kyns spurninga, þar á meðal „hvort ég væri ánægður í starfi.“ Algjörlega óviðeigandi, og þetta átti sér stað fyrir framan aldraðan föður minn, sem var á leið í flug með öðru flugfélagi.

Eftir að hafa spurt mig fjölmargra spurninga, sem aðallega tengdust einkalífi mínu og starfi leyfði starfsmaðurinn mér loksins að tékka mig inn.“

Maðurinn segir að stuttu seinna, við brottfararhlíðið, hafi síðan annar starfsmaður nálgast hann og byrjað að yfirheyra hann í návist annarra farþega.

„Síðan tjáði kvenkyns starfsmaður mér að ég hefði verið valinn af handahófi í nánara eftirlit. Þetta var algjör lygi, þar sem ég hafði séð hana og hinn starfsmanninn benda í átt að mér og gefa hvort öðru merki á mjög augljósan hátt, beint fyrir framan mig.“

Maðurinn segist því næst hafa verið yfirheyrður í þriðja skiptið á innan við klukkutíma.

„Ég var auk þess beðinn um að tæma vasana og þá voru skórnir mínir, sokkarnir, fartölvan mín, jakkinn, beltið og hendurnar á mér rannsakaðar, fyrir framan hina farþegana. Það var komið fram við mig eins og glæpamann, af engri ástæðu. Eftir þessa niðurlægingu fékk ég loksins að fara um borð í vélina og ég tók eftir því að sumir af farþegunum voru tortryggir í minn garð,“ segir maðurinn og bætir við að flugferðin heim hafi verið „hræðileg.“

### Buðu 750 dollara í sáttagreiðslu

Maðurinn kveðst hafa sent kvörtunarbréf til United Airlines um leið og hann var



kominn heim til New York. Þá tilkynnti hann málið einnig til Samgöngustofnunar Bandaríkjanna og bandarískra flugyfirvalda (TSA).

Í svarbréfi United Airlines, sem DV hefur undir höndum, kemur fram að starfsmennirnir sem höfðu afskipti af manninum þennan dag hafi ekki verið á vegum flugfélagsins, heldur á vegum samstarfsaðila þess á Keflavíkurflugvelli.

Maðurinn segist þá hafa sent tölvupóst á þjónustufulltrúa Isavia og í kjölfarið fengið þau svör að öryggiseftirlit við innritun sé krafa af hálfu TSA, fyrir allt flug til Bandaríkjanna. Í bréfinu kemur einnig fram að rætt hafi verið við stöðvarstjóra United Airlines á Keflavíkurflugvelli sem muni „ræða við starfsfólk sitt.“

Þá segir maðurinn að í janúar síðastliðnum hafi United Airlines boðist til að að greiða honum 750 dollara gegn því að loka málinu. Hann hafi hafnað því boði.

Í tölvupósti United Airlines til mannsins, frá 13. febrúar síðastliðnum, kemur meðal annars fram:

„... Við drögum það ekki í efa að þetta hafi verið ekki

verið ánægjuleg reynsla og við biðjumst enn og aftur afsökunar ...“

Þá kemur fram að rætt hafi verið við viðkomandi starfsmenn flugvallarins sem áttu samskipti við manninn þennan dag.

Þá ritar fulltrúi flugfélagsins að kvartanir mannsins séu teknar til greina, en engu að síður sé ekki talið að hann hafi „sætt mismunun á grundvelli uppruna síns.“ Þá kemur fram í bréfinu að flugfélagið „geti ekki greitt bætur í samræmi við persónulega upplifun hvers og eins.“

Mál mannsins er enn til rannsóknar hjá Samgöngustofnun Bandaríkjanna. Maðurinn bendir á að hann hafi ferðast um allan heim fram til þessa og því ætti ekki að vera erfitt fyrir flugfélagið að nálgast upplýsingar um hann. „Það er ekkert sem afsakar þessa vanvirðingu í minn garð, sem er eingöngu sprottin af því að hvernig ég lít út, af rómönskum uppruna og dökkur á hörund. Ég vil deila minni sögu og ég vona að við getum opnað á umræðuna um kynþáttafordóma og mismunun. Þetta fallega land á ekki að hafa þennan blett á sér.“ ■

# Svarthöfði er hræddur



## Svarthöfði

**H**vernig skal haga sér í samfélagi þar sem faraldur geisar? Svarthöfði hefur ekki svörin á reiðum höndum en fagaðilar og sérfræðingar virðast sjálfir ekki öruggir með hvernig best sé að svara þeirri spurningu. Svarthöfði fær þau skilaboð daglega að bæði þurfi hann að lifa lífinu án þess að snerta neitt sem aðrir gætu hafa snert, ekki faðma, ekki heilsa með handabandi, ekki fara í margmennni, vinna heima ef hægt er. En á sama tíma fær Svarthöfði líka þau skilaboð að hann eigi að sýna stillingu og yfirvegum og lifa lífinu eins og vanalega. Svarthöfði var hálfslappur í gær og hringdi í 1700 en var tilkynnt um hæl að hann væri ekki með COVID-19 en skyldi

samt forðast heilsugæsluna eins og heitan eldinn þegar hann bað um að fá að koma í sýnatöku. Kannski væri bara best fyrir Svarthöfða að fara í sjálfskipaða sóttkví, heima fyrir veit hann að minnsta kosti hvernig hann á að bera sig að. Svo er RÚV líka að fara að senda út gömlu góðu eró-bik-tímuna og hver vill eiginlega missa af því?

Svarthöfði getur sýnt stillingu. En lífið er ekkert að ganga sinn vanagang. Það er allt öðruvísi. Það má varla slá inn PIN-númer korta í búðum og enginn er maður með mönnum nema eiga að minnsta kosti átta sprittbrúsa.

Svarthöfði heldur að það sem yfirvöld vilja ekki segja berum orðum sé að það sé í finu lagi að vera hræddur og eðlilegt í ljósi aðstæðna. Hins vegar má ekki láta óttann lama sig heldur láta hann vera hvatningu til góðra

verka þegar kemur að hreinlæti og hafa samfélagslega ábyrgð í fyrirrúmi. Hræðslan hefur svo margar leiðir til að brjótast út hjá fólki þegar upplýsingar eru misvísandi.

Nágrannar eru farnir að horfa tortrygnislausum um hver til annars og tilkynna fjölmiðlum og yfirvöldum um möguleg lögbrot því „Jón nágranni var á ferðalagi á Tenerife um daginn og vappar nú um eins og hann sé ekki gangandi veirusýking“, „Binni nágranni á frænku sem á vinkonu sem er í einangrun en mætti samt í

vinnuna – handtakið hann strax“. Leyfum okkur að vera hrædd, en leyfum hræðslunni samt ekki að ræna okkur rænu og viti.

Það eina sem við höfum einhverja stjórn á eru okkar eigin gerðir, svo þvöum okkur um hendurnar og vonum það fokin besta. ■





*Nærgætni, hlýja og virðing*



*við andlát ástvina*



**Ísleifur Jónsson**

Útfarastjóri  
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**

Útfarapjónusta  
Farsími 861 3441

## *Þjónusta allan sólarhringinn*

*Útfararstofa Reykjavíkur annast útfarir á höfuðborgarsvæðinu og veitir aðstandendum mikilvæga aðstoð við undirbúning og framkvæmd útfararinnar. Útfararstjóri er með aðstandendum allt ferlið - allt frá fyrsta viðtali að greftrun hins látna. Útfararstofa Reykjavíkur annast alla þætti sem aðstandendur óska eftir. Eigandi og útfararstjóri er Ísleifur Jónsson, sem hefur starfað sem útfararstjóri um áratuga skeið.*



# Að byrgja brunninn áður en barnið er döttið í hann

■ Stofnuðu fræðslusetur eftir fjölda áskorana ■ Börn með sérþarfir lenda milli þilja í grunnskóla

Erla Dóra  
erladora@dv.is



**H**jónin Friðþór Vestmann Ingason og Ragnheiður Jónsdóttir eru bæði menntaðir proskapjálfar með langa reynslu af því að starfa með börnum með sérþarfir á leikskólum. Þau stofnuðu Fræðslusetrið Greinina í febrúar eftir að þau fundu þörf í samfélaginu fyrir þjónustu við börn með sérþarfir á grunnskólastigi, sem skólakerfið er ekki að sinna, og jafnvel mismuna.

## Fræðslusetrið Greinin

„Fræðslusetrið Greinin var stofnað í byrjun febrúar. Við störfuðum áður á leikskólum og unnum með börnum þar og vorum ítrekað spurð hvort við værum að taka börn í þjálfunartíma eftir að við eða þau hættum þar. Fyrst ýttum við þessu bara frá okkur en svo rann upp fyrir okkur ljós, að þarna væri þörf á þjónustu. Ef maður horfir á frásagnir þeirra foreldra sem eru hjá okkur, þá er skólakerfið ekki alveg að ganga sem skyldi fyrir börn með sérþarfir. Til dæmis þá geta stuðningsaðilar innan skólanna, margir mjög góðir, bara veitt takmarkaða þjónustu. Börnin voru áður með góðan stuðning á leikskóla en koma svo í grunnskóla þar sem minna er haldið utan um þau og þau fá minni þjónustu,“ segir Friðþór.

„Starfsemin fer þannig fram að foreldrar koma til okkar á þjónustufundi til að byrja með og við förum yfir hvað það er sem barnið þarf, gerum þarfagreiningu og finnum út hvað eru foreldrar að hugsa?, er eitthvað sem við getum komið að með foreldrunum?, vill foreldri fá stuðning með sér á fundi inni hjá skólunum?, vill foreldri fá ætíð til að vinna eftir inni á heimilinu? Foreldrar hafa líka aðgang að okkur ef eitthvað kemur upp á heima fyrir.“

## Gat í kerfinu fyrir börn með sérþarfir

Friðþór og Ragnheiður segja brotalóm í skólakerfinu þegar kemur að þjónustu við börn með sérþarfir. Í leikskólum landsins er mikil áhersla lögð á snemmtæka íhlutun og að veita börnun stuðning. Þegar barnið flyst á milli skólakerfa þá sé þessi snemmtæka íhlutun ekki lengur til staðar og barninu ýtt út í hefðbundið kassalaga nám, fremur en að áfram sé unnið með styrkleika þess.

„Í leikskóla er eyrnamerktur stuðningstími fyrir barnið. Maður gerði þarfagreiningu, sótti um stuðningstíma, fékk það og barnið fékk þá tíma á dag í þjálfun. Einstaklingsþjálfun með sínum þjálf. Svo kemur barnið inn í grunnskólann og þá skyndilega



Friðþór og Ragnheiður svörðu ákalli foreldra

þarf barnið ekki lengur þennan stuðning,“ segir Ragnheiður.

## Reynsla foreldra

Anna Björk Sigurðardóttir og Óskar Egilsson eru foreldrar barns með sérþarfir og nýta sér þjónustu Greinarinnar og taka þau undir með Ragnheiði. Vel var haldið um son þeirra og hans þarfir á leikskóla en síðan þegar drengurinn var kominn í grunnskóla þá varð stuðningurinn nánast enginn.

„Sonur okkar er með ákveðnar sérþarfir, en ekki það miklar að hann þurfi að vera í sérskóla. Honum gekk vel í fyrstu bekkjunum á meðan kröfurnar voru litlar. Hann er mjög rólegur og hefur þannig fótlan að það þarf að tala beint til hans. Það er ekki fyrr en í fjórða bekk sem er farið að vinna eitthvað með honum, en þá er hann dottinn langt aftur úr jafnöldrum sínum og kröfurnar orðnar of miklar.“

Á þeim skamma tíma sem Anna og Óskar hafa nýtt sér þjónustu Greinarinnar hafa þau strax séð framfarir hjá syni sínum.

„Friðþór kom með okkur á teymisfund fyrir skömmu. Þar mætti hann með þarfagreiningu fyrir son okkar og útlitun á því hvernig best væri að vinna með drengnum og mæla framfarir hans. Okkar strákur, það þarf að kenna honum með ákveðinni sérþekkingu sem er ekki til staðar í skólunum svo Friðþór og Ragga eru að koma hér inn með þessa þekkingu og miðla áfram til sérkennarans í skólunum. Það er gat þarna á milli í skólakerfinu og dýrmætur tími sem fer til spillis. Svo verður barnið eldra og dettur aftur úr og þá kemur upp vanlíðan, jafnvel einelti og stríðni. Þá kviknar skyndilega á skólunum að

fara að gera eitthvað. Þótt allir séu af vilja gerðir þá skortir sérþekkinguna og faglegt starf.“

## Byrgja brunninn

„Það er ekki hægt að byrgja brunninn eftir að barnið fellur ofan í hann,“ segir Ragnheiður og vísar til þeirrar tilhneigingar innan grunnskólakerfisins að bregðast aðeins við vandamálum fremur en að fyrirbyggja þau. Með þjónustunni vona Friðþór og Ragnheiður að þrýstingur skapist á skólanna til að bæta þjónustu við börn með sérþarfir og auka fagmennsku og sérfræðipækkingu í málaflokknum.

Friðþór nefnir sem dæmi að þegar hann fylgdi Önnu, Óskari og syni þeirra á teymisfund í grunnskólanum þá hefði ekki verið útbúið einstaklingsnámskrá fyrir drenginn, þrátt fyrir lagskyldu um slíkt. Ragnheiður bætir við að þó að grunnskólar á Íslandi séu án aðgreiningar þá sé sú kenning meira í orði en á borði. Í dag sé hver kennari oft með stóran nemendahóp, mun stærri en tíðkaðist áður fyrr. „Börn með einhverfu, börn með ADHD? Guð hjálpi þeim að vera í þessum bekkjum.“

## Skólinn á ekki að setja okkur í þessa stöðu

„Sumir kannski spyrja af hverju við færum ekki drenginn okkar yfir í sérskóla á borð við Ísaksskóla,“ segir Anna. „En þá er ég að taka mjög stóra ákvörðun um að taka strákinn úr hverfinu sínu, taka hann frá vinum sínum. Það finnst mér of stór ákvörðun. Hann er með þannig fótlan að það er mikilvægt fyrir hann að halda félagsfærni sinni og ef hann missir tengslin þá er ég hrædd um að hann verði einangraður og upp-

lifi meiri vanlíðan. Skólinn á ekki að setja okkur í þá stöðu að velja á milli félagslega þáttarins og hins námslega.“

## Kerfislæg mismunur

Ragnheiður segir að yfirvöld menntamála á Íslandi þurfi að taka til skoðunar stöðu barna með sérþarfir í grunnskólum landsins. „Það þarf að velja því fyrir sér hvernig standi á því að börn sem þurfi stuðning í leikskóla þurfi hann ekki í grunnskóla. Hvernig stendur á því að þeir mismuna börnum svona?“ Anna tekur undir þetta og segist hafa fundið fyrir því að hennar barni væri mismunað þar sem fótlan þess er ekki sýnileg.

„Þú gætir talað við hvaða foreldri sem er, sem er með barn með sérþarfir í almennum skóla, og það munu allir segja það sama. Hins vegar þekki ég til einnar sem er með barn með líkamlega fótlan. Það barn fær allt öðruvísi viðmót í grunnskólanum. Þetta barn er með stuðningsaðila með sér allan daginn, allan tímann. Eðlilega líka. Það er til fjármagn í það. Hann þarf samt sem áður enga aðstoð við að læra. En þarna ertu með barn með líkamlega fótlan sem fær hjálp strax, en börn með ósýnilega fótlan eru flokkuð eins og þau séu með annars flokks vandamál. Mitt barn þarf sömu aðstoðina alveg sama þó að vandamálið hjá því sé ekki sýnilegt. Kerfið virðist bara ekki ná utan um þessi börn. Vegna þess að mitt barn hefur ósýnilega fótlan þá er kerfisbundið verið að brjóta á því.“

## Hugmyndafræði proskapjálfunar

Í starfi Greinarinnar er unnið út frá hugmyndafræði proska-

þjálfunar, að finna betri leiðir að bættum lífsgæðum. „Proskapjálfastarfið er svo vítt og breitt. Það er bæði byggt á hugmyndafræði um sjálfstætt líf og vellíðan einstaklingsins, en líka er hugmyndafræðin og starfskenning okkar byggð á persónulegri þekkingu. Þegar þetta tvennt kemur saman þá verður eitthvað gott úr því.“

Friðþór og Ragnheiður leggja áherslu á að skapa góð tengsl við skjólstæðinga sína, það er börnin. Fyrir börn með greiningu geti slíkt skipt sköpum upp á samvinnu og samstarf, en þau vilja ekki að barnið upplifi að það sé að koma til Greinarinnar í nám eða skóla, heldur sem eitthvað skemmtilegt. Námið er nálgast á þann hátt að það vekir áhuga hjá barninu.

## Framtíðin

Friðþór og Ragnheiður vona að í framtíðinni verði hægt að styrkja og stækka starfsemi Greinarinnar svo hægt sé að leggja enn fleiri börnum lið. Sem stendur er aðeins tekið á móti börnum sem eru að hefja nám í grunnskóla og allt fram á sjötta bekk.

„Kannski í framtíðinni verður Greinin þannig að við getum skipt henni í tvo flokka, eins og hún starfar í dag og svo annar þáttur þar sem tekið væri á móti eldri börnum. Við sjáum fyrir okkur að þetta muni vaxa og dafna og við náum að styrkja hvert og eitt barn sem til okkar kemur með þeim hætti að það nái að blómstra, litla blómið á greininni.“

Heimasíðu Fræðslusetsins Greinarinnar má finna á vefslóðinni greinin.is og þar má finna frekari upplýsingar um starfsemina. ■



# nettoline



Glæsilegar danskar  
innréttingar í öll  
herbergi heimilisins



Friform ehf.  
Askalind 3,  
201 Kópavogur.  
562-1500  
Friform.is

Mán. – Fim. 10–18  
Föstudaga. 10–17  
Laugardaga. 11–15





Suðurlandsbraut 14  
2. hæð  
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT  
512 7070  
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson  
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Ritstjóri: Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
Prentun: Torg prentfélag Dreifing: Póstdreifing

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000  
Auglýsingar: 512 7050  
Ritstjórn: 512 7010

## Sandkorn

### Trump trompast

#### Trump Bandaríkjaforseti

ákvað að setja ferðabann frá Schengen-ríkja, Íslandi þar á meðal, út af COVID-19. Evrópubúar hafi brugðist hægt og illa við og séu bara smitaðir og skítugir og það sé

þeim að kenna að Bandaríkjamenn séu veikir. Á sama tíma greina Almannavarnir frá því að þrír einstaklingar sem komu hingað FRÁ Bandaríkjunum hafi greinst



smitaðir. Hvort á maður að hlægja eða gráta?



### Einmitt það síðasta sem við þurfum

Á meðan hundruð Íslendinga lágu í sóttkví á fimmtudag lék höfuðborgarsvæðið skyndilega á reiðiskjálfi. Jarðskjálfti af stærðinni 5,2 á Richter. Að sjálfsögðu vaknaði sú spurning að nýju, hvort væri að koma eldgos. Og auðvitað hlýtur að vera að koma eldgos því í kjölfar kórónuveiru, verkfalla, ógnar við stöðugleika, ferðabanns til Bandaríkjanna, blika í efnahagskerfinu – þá er eldgos það síðasta sem við þurfum. En þá hlýtur það líka óneitanlega að þýða að eldgos sé óumflýjanlegt. Því ef eitthvað getur farið úrskeiðis, þá mun það fara úrskeiðis.



**Skýr skilaboð** Allra leiða er leitað til að hefta útbreislun COVID-19 kórónaveirunnar.

# Kórónaveiran sem fyllir mælinn

## Leiðari

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



**N**afn og kennitölu, núna!“ Eitthvað á þessa leið voru ýmsar athugasemdir við fréttir um að Íslendingar væru að grípa til örþrifaráða til að losna við sóttkví. Að ég tali nú ekki um reiðina sem hefur blossað upp vegna fjölda heilbrigðisstarfsmanna sem hafa verið settir í sóttkví og einangrun vegna COVID-19 faraldurs.

Það er greinilega mikill skjálfti í þjóðfélaginu og fólk er hrætt. Þótt ég vilji ekki afsaka það að hugsanlega séu smitaðir einstaklingar, sem hugsanlega vissu ekki af því, hugsanlega leið ekki illa, hugsanlega höfðu annað á sinni könnu settir í gapastokk internetsins þá skil ég hræðsluna fullvel. Þegar

fólk er hrætt þá hegðar það sér óskynsamlega, hugsar ekki rökrétt og grípur til örþrifaráða.

Ég skil vel að fólk viti ekkert í hvorn fótinn það eigi að stíga. Almennt séð hefur mér þótt það hughreystandi að upplýsingafundir landlæknis, almannavarna og sóttvarnarlæknis séu haldnir daglega. Þar er rætt af yfirvegun um heimsfaraldurinn og reynt að koma upplýsingum til fólks á skilmerkilegan hátt. Svo koma fréttir frá útlöndum. El Salvador lokar landinu fyrir útlendingum. Danir aflýsa skólastarfi og senda meirihluta ríkisstarfsmanna heim. Svo var það stóri skellurinn frá Bandaríkjunum þegar Donald Trump bannaði komu fólks frá Schengen-löndum Evrópu inn í landið. Svona væri lengi hægt að telja upp áhrif COVID-19 á heimsbyggðina. Á litla Ísland.

Þrátt fyrir að hafa náð í skottið á hræðslunni sem fylgdi AIDS-faraldrinum á níunda og tíunda áratug síðustu aldar, óttast að sogast inn í gatið á ósonlaginu sem ungmenni og verið kasólétt í miðjum svínaflensufaraldrinum 2009 þá verð ég að viðurkenna að COVID-hræðslan bitur meira á mig en fyrri ógnir. Sú hræðsla beinist hins vegar ekki að mér sjálfri og að ég verði veik, eða einhver í kringum mig. Það eru þau lamandi áhrif sem veiran hefur sem veldur mér áhyggjum. Öll fyrirtækin sem munu standa illa, jafnvel leggja upp laupana, þegar veiran kveður okkur. Að innviðir ráði ekki við eftirköst faraldursins. Atvinnuleysi, tekjutap fjölskyldna með öllum þeim hryllingi sem því fylgir.

Íslendingar hafa vissulega reynslu af því að byggja hér upp

þjóðfélag á rjúkandi rústum. Það er skuggalega stutt síðan síðast og margir súpa enn þá seyðið af þeim hörmungum. Ég býð ekki í að hugsa til þess ef við þurfum aftur að lyfta sama grettistaki. Ég óttast að enn fleirum hugnist ekki að búa hér, hafi hvorki efni á né þol til að taka þátt í þeirri uppbyggingu. Ég óttast að dregið verði saman í alls kyns opinberri þjónustu. Þjónustu sem má ekki við meiri niðurskurði. Ég óttast að ástandið verði fegrað á pöllum Alþingis og spilltir haldi áfram að vera spilltir. Ég held nefnilega að við sem þjóð séum komin að þolmörkum og að COVID-19 sé veiran sem fyllir mælinn.

En óttinn er órökrænn. Óskynsamlegur. Kannski er ég bara örvæntingarfull. Kannski. ■

## Spurning vikunnar

Hver er ofmetnasta hryllingsmynd allra tíma?



„Mér finnst Saw vera ofmetnasta hryllingsmynd allra tíma vegna þess að mér finnst myndin ekki vera með bestu sögulinuna og svo er líka brúðan í myndinni svo myndin í útliti að ég get ekki annað en hlegið að henni.“

**Bergþóra Sól Elliðadóttir**



„Ég myndi segja Blair Witch Project. Það var sniðug markaðssetning en myndin alls ekki góð.“

**Björgvin Skúli Einarsson**



„Ég er alls enginn hryllingsmyndaáðdáandi, en sú sem stendur eiginlega upp úr sem áberandi verst var The Witch þegar hún varð fyrir vali í Halloween-partíi.“

**Óliver Alí**



„100% Paranormal Activity.“

**Þórgunnur Lára Gunnarsdóttir**





# LG DAGAR

LG Á HEIMA  
Í RAFLANDI



## ALLAR LG VÖRUR Á 20-40% AFSLÆTTI

TVÖFALDIR KÆLISKÁPAR • KÆLISKÁPAR • KÆLISKÁPAR MEÐ FRYSTI • ÞVOTTAVÉLAR  
OLED SJÓNVÖRP • NANOCCELL SJÓNVÖRP • LED SJÓNVÖRP • BLU-RAY SPILARAR • HEIMABÍÓ

GILDIR 29. FEBRÚAR – 14. MARS

**BETRA BORGAR SIG**

Opð virka daga 10 – 18 | Laugardaga 11 – 16



**RAFLAND**

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | [rafland.is](https://rafland.is)



# „Maður þarf ekki alltaf að vera aðal“

*Hilmir Snær segir hroka ekki eiga heima í leikhúsinu – Varð svo kvíðinn að hann ældi næstum fyrir sýningar – Auðmýktin skilar manni lengst*

Íris Hauksdóttir  
iris@dv.is



Leikarinn góðkunni, Hilmir Snær Guðnason, er fyrir löngu orðinn eitt af okkar allra þekktustu andlitum, en stjarna hans skaust hratt upp á himininn við útskrift frá Leiklistarskóla Íslands. Hann veitir þó sjaldan viðtal enda segist hann forðast það eins og heitan eldinn að vera sjálfur í framlínunni.

Það kann að hljóma furðulega að starfa innan leiklistargeirans en vera á sama tíma svo fráhverfur sviðsljósinu. Spurður hvort mýtan um athyglissjúka leikarann sé byggð á sandi segist Hilmir frekar fara áfram á þörfinni til þess að skapa. „Ég sótti eflaust meira í athyglina þegar ég var yngri, en í dag hef ég enga þörf til þess að trana mér fram. Með aldrinum breytast áherslurnar og mér finnst dásamlegt að eldast. Mér líður betur og tek árunum fagnandi. Maður er

afslappaðri í eigin skinni og hefur meira vit fyrir sjálfum sér.“

Þrátt fyrir hógvæðina stendur Hilmir í ströngu því hann leikur um þessar mundir í rússneska leikverkinu Vanja frænda ásamt því að leikstýra sýningunni Oléanna sem frumsýnt verður síðar í mánuðinum. „Það er merkilegt að segja frá því að þótt þetta sé rúmlega tuttugu ára gamalt leikverk er eins og það hafi verið skrifað núna í kjölfar #metoo-byltingarinnar. Sagan fjall-

ar um samskipti prófessors og nemanda og deilur þeirra um það hvort hann hafi áreitt hana eða á einhvern hátt farið yfir hennar mörk. Skiljanlega er þetta mjög eldfimt efni og við erum rúmlega hálfnuð á æfingartímabilinu. Fyrir mér er þetta hið dæmigerða „well made play“ og þá á ég við mik-ið textaleikhús marghlaðið frábærri sögu.“

## Mistökin alltaf augljósari

Aðspurður hvort vegi þyngra, starf leikar-



Frotagötu 4c, 603 Akureyri Símar: 461 5232 / 892 | Netfang: [thrif@thrif.is](mailto:thrif@thrif.is) | Veffang: [www.thrif.is](http://www.thrif.is)





svo annað listform sem heillar mig ákaflega, en þar varðveitist það sem þú gerir vel. Þá er maður bara ánægður með að hafa náð því, en í leikhúsinu er alltaf rými fyrir mistök frá kvöldi til kvölds enda ertu aldrei betri en þú varst í gær.“

**Auðmýktin skilar manni lengst**

Óhætt er að segja frægðarsól Hilmis hafi risið svo að segja á einni nóttu því strax eftir útskrift varð hann eftirsóttur leikari. Ferillinn hófst í Hárinu sem sett var upp í Gamla bíói en þar fór Hilmir með eitt af aðalhlutverkunum. Hann segir athyglina fljótlega hafa orðið áþreifanlega. „Ég hef alltaf reynt að vera auðmjúkur gagnvart þessu. Auðmýktin skilar manni lengst og bestu leikarar sem ég hef hitt eiga það sameiginlegt að vera bæði lítillátir, mjúkir og kátir. Ég hef reynt að tileinka mér þeirra hugarfar því það skilar manni mestu, sem og að hlusta á fólkið í kringum sig. Ég finn alveg fyrir frægðinni og er vanur því, en það er ekkert sem íþyngir mér. Ég finn aldrei fyrir neinu áreiti þannig – fólk er meira að koma og þakka manni fyrir, sem er gleðilegt. Ég held að við hér á Íslandi verðum síður stjörnustjörf nema ef við sjáum einhverri Hollywood-stjörnu bregða fyrir, en við látum nú fólkið okkar mestmegnis í friði. Þetta er bara eins og hvert annað starf, ég gæti alveg eins verið pípari, þótt þetta sé ekki beint iðnaður snýst þetta um ákveðið verklag, skipulag og vinnu og auðvitað smá sköpun, sem betur fer.“

En íslenska smæðin hefur vissulega tvær hliðar og spurður hvort hann finni fyrir Gróu á Leiti segist Hilmir hafa fundið vel fyrir nærveru hennar í gegnum tíðina. „Auðvitað hafa oft verið sögur, bæði sann-

ar og ósannar, og óhjákvæmilega finnur maður fyrir því, en það er eitthvað sem venst. Hvar sem maður kemur er talað um mann og stundum hefur maður ekki verið passasamur og þá fer það út um allt, en aðra stundina er maður meira að passa sig.“

**Nauðsynlegt hverri byltingu að ganga of langt**

Sýningin Oléanna vísar að miklum hluta til þeirra breyttu viðhorfa sem #metoo-byltingin hafði í för með sér. Spurður hvernig það hafi verið að fylgjast með atburðarásinni, bæði sem starfsmaður innan leikhússins og líka sem fadír, segist Hilmir taka breytingunni fagnandi. „Nú á ég tvær dætur, önnur er tuttugu og fimm og hin er tíu ára. Í ljósi þeirra finnst mér þetta auðvitað þörf bylting. Eðlilega á enginn að slá í rassa eða káfa á brjóstum sem þeir þekkja ekki, en það er hlutur sem ég held að ég hafi aldrei gert sjálfur og mjög margir karlmenn hafa ekki gert það, þótt vissulega hafi maður séð þetta. Þessi bylting var því andskoti þörf og ég tek henni fagnandi því það þurftu allir á henni að halda og að skoða það hvernig við berum virðingu hvert fyrir öðru. Við megum ekki ganga of langt í okkar samskiptum, en að því sögðu tel ég að hún hafi farið yfir ákveðin mörk, um tíma. Ég held að núna fyrst séum við að finna jafnvægi, en kannski er það nauðsynlegt hverri byltingu að ganga aðeins of langt. Við eigum kannski eftir að endurskoða hana síðar meir þegar við lítum í baksýnispegilinn, þá sjáum við fyrst hvað það var sem gerðist. Auðvitað fer þetta líka í hina áttina og maður hefur sjálfur orðið fyrir svona, það er ekkert skemmtilegt en

það er eins og karlmenn eigi frekar að taka því. Jafnvel eftir að byltingin komst í há-mæli lenti ég í þessu einu sinni eða tvisvar og maður á bara að taka því. Hins vegar er maður bara fullorðin manneskja og kann að koma sér út úr svona aðstæðum. Maður þarf ekkert að æsa sig yfir öllu, en maður bendir bara kurteislega á þetta eða færir sig og fer eitthvert annað.“

**Bragðlaukarnir misstu áhugann**

Hilmir er sannkölluð miðbæjarrotta og sleit barnsskónum í 101 Reykjavík. Hann lýsir æskunni sem ljúfri en hann er fyrsta barn foreldra sinna. „Ég átti fjórar yngri systur en ein er nú fallin frá. Fjölskylda mín er yndisleg og ég ólst upp meðal góðra vina. Við Benedikt (Erlingsson) vorum bestu vinir frá tíu ára aldri og urðum síðar samferða í Leiklistarskólann. Mamma hans bauð okkur gjarnan í leikhúsið þar sem hún leikstýrði verkum og því má segja að áhuginn hafi á einhvern hátt kviknað þar. Lengi vel ætlaði ég að vísu að verða dýralæknir og hefði eflaust orðið góður í því en ég er mikið í hestamennsku og fæ mína útrás þar. Annars tek ég tarnir í að synda eða hjóla ef mér finnst ég verða of feitur en þegar ég er á sviði grennist ég nær undantekningarlaust enda mikil átök sem því fylgja. Ég á aldrei neitt kort í ræktina og drekk sáralítið af grænum bústum en ég reyni að borða hollt og takmarka nammið þótt ég sé enginn fanatíkus á það. Áður fyrr borðaði ég mikið nammi og drakk rautt kók en með árunum hafa bragðlaukarnir misst áhugann, sem er gott. Ég greindist með flogaveiki stuttu eftir útskrift og það gerði skiljanlega ákveðið strík í reikninginn. Lengi vel lifði ég í hræðslu um að

fá kast en sömuleiðis hvarflaði sú hugsun að mér hvort ég gæti sinnt þessu starfi ef ég væri sífellt að hrynja niður. Í byrjun kom það fyrir á sirka hálfs árs fresti að ég fékk flog og það tvisvar á sviði fyrir fullu húsi. Síðar fundum við nýtt lyf sem hentar mér betur og í dag hef ég ekki fengið kast í tæp sjö ár. Með árunum lærir maður að hugsa um þetta af æðruleysi því ef kastið kemur þá gerist það bara og ég ræð engu um það hvort sem er. Það eru vissulega ákveðnir hlutir sem hægt er að gera, eins og að hugsa vel um sig, borða vel og sofa, en það voru hlutir sem ég var ekki góður í að gera á sínum tíma. En ég er ekki hræddur við þetta lengur.“

**Hægt að vera leikari án þess að verða listamaður**

Sú sýning sem markaði straumhvörf í lífi Hilmis var Dagur vonar eftir Birgi Sigurðsson en hann leikstýrði síðar sjálfur sama verki. „Ég var átján ára þegar ég sá þessa sýningu fyrst og ákvað þá að þetta væri sú leið sem ég vildi fara. Mörgum árum síðar sótti ég svo fast að fá að leikstýra verkinu sjálfur, enda er þetta gríðarlega vel skrifað. Ég varð fyrir ótrúlegum áhrifum, því fram að þessu hafði ég bara séð verk sem einblíndu á gamanið en þarna sá ég að það var eitthvað alvöru þarna og það heillaði mig svo gjörsamlega að geta trúað því sem fram fór á sviðinu. Ég gat aldrei gleymt þessu og þar af leiðandi ákvað ég að þetta væri það sem ég vildi gera. Þarna sá ég listina í faginu. Það er nefnilega hægt að vera leikari án þess að verða nokkurn tímann listamaður. Það er ekkert mál að ganga inn á svið og leika og gera nokkurn veginn allt rétt án þess þó að fara alla leið, en í þessu tilfelli sá ég fólk fara alla leið og það var leyndarmálið sem ég vildi kynna mér betur. Birgir var mér innan handar þegar kom að minni uppfærslu og við ræddum mikið um hvernig hann sæi þetta allt saman fyrir sér, sem var afskaplega gefandi ferli og frábær vinna meðan á henni stóð. Þarna var ég auðvitað með frábæra leikara og leikmyndahönnuð og útkoman eitthvað sem við erum öll afskaplega stolt af í dag.“

Aðspurður hvað sé fram undan segir Hilmir framtíðina ávallt vera óráðna. „Ég er mikill flakkari og ferðast á milli leikhúsa eftir verkefnum og því sem ég eltist við hverju sinni. Síðasta veiðiferðin var frumsýnd í kvikmyndahúsum síðustu helgi, en þar fer ég með eitt af aðalhlutverkunum. Myndin fjallar um, eins og titillinn ber með sér, nokkra miðaldra karla sem fara saman að skemmta sér þótt atburðarásin verði ólík því sem þeir ætla sér. Auk þess var ég að leika í mynd sem nefnist Dýrið, eða Lamb á ensku, en hún verður frumsýnd næsta haust. Maður er því aðeins að pota sér aftur í kvikmyndaverkefni. Það hefur verið pásar á því, en það er gaman að taka þann þráð upp að nýju. Nú, svo eru alltaf einhver góð karlahlutverk, það er alltaf eitthvað eftir.“ ■



Rekstrarumsjón

LÁTIÐ OKKUR UM REKSTUR HÚSFÉLAGSINS

Við sérhæfum okkur í umsjón með rekstri húsfélaga og bjóðum trausta og faglega þjónustu á góðu verði

Hafðu samband og fáðu tilboð strax í dag!



# MATTI SMÍÐUR

893-3300

## UTANDYRA

- SKJÓLVEGGIR
- SÓLPALLAR
- HEITIR POTTAR
- SÓLSKÁLAR
- GESTAHÚS
- ÚTIGEYMSLUR
- ÞÖKULAGNIR
- HELLULAGNIR
- HLAÐNIR VEGGIR
- STEINBEKKIR
- ÞAKKANTAR
- GLUGGAR
- STEYPTIR VEGGIR

## INNANDYRA

- NIÐURTEKIN LOFT
- INNRÉTTINGAR
- INNIHURÐIR
- PARKET
- MILLIVEGGIR

ÞAÐ SKAL VANDA SEM LENGI

Á AÐ STANDA



## LANDSBYGGÐIN ER ENGIN FYRIRSTAÐA

Matthías Pétursson er smiður með 30 ára starfsreynslu. Matthías hefur unnið sem smiður í meira en 30 ár og sérsvið hans er pallasmíði, garðar og hellulagnir. Verkefni hans hafa einnig verið sumarhús, einkalóðir og lóðir í nýbyggingum og eldra húsnæði. Þá hefur Matti, eins og hann er oftast kallaður, einnig séð um nýja garða og endurgerð eldri garða.






BÁTAR



SAUNATUNNUR



SAUNA

# *Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum*



Eigum fjórar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum ■ Verð frá 58.500 kr.





SAUNA FYLGIHLUTIR



INFRARAUDUR KLEFI



HEITIR POTTAR

# *Sjáðu úrvalið á goddi.is* *Infrared saunur ásamt* *viðarkyntum pottum*



# GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550



# Karlpungar með kippur af Stellu í orlofi

Kátínuna vantar ekki í Síðustu veiðiferðina

Tómas Valgeirsson  
tomas@dv.is




Éf það er eitthvað sem ekki hefur vantað í flóru íslenskra kvikmynda, eru það sögur úr sveit af miðaldra, hvítum karlpungum sem hella sig blindfulla í miðjum kaflaskilum á æviskeiði þeirra. Útírnúningur Síðustu veiðiferðarinnar er annars vegar sá að Íslendingar fá sjaldnast að njóta slíkra sagna þar sem framsetningin einkennist af yfirgnæfandi hressleika og glensi, ólíkt þeirri eynd sem er löngu orðin að móðurmáli okkar í sambandi við listaverk. Að mati undirritaðs er miður hversu lengi allsráðandi húmor hefur vantað í okkar bíómyndir og liggur við að hverjum sem býður upp á slíkt megi líkja við himnasendingu.

Í Síðustu veiðiferðinni er lauslega sóttur innblástur í Stellu í orlofi með nokkrum skotum af bragðefnum frá The Hangover (eða jafnvel Grown Ups, ef út í það er farið). Sex einstaklingar leggja af stað í hina árlegu veiðiferð með það að markmiði að sinni að eiga sér hófstíllt glens. Eins og gerist þó, þegar fáeinir vínkassar eru opnaðir og dólgurinn farinn að gefa frá sér gleðismit í pylsupartíinu, siglir allt í ansi óútreiknanlega ferð framundan. Þó um aðeins eina helgi sé að ræða verður fljótlega orðið ljóst að allir úr hópnum munu skilja við ferðina gjörbreyttir menn, innan gefinna marka.

### Lítið um kjöt eða rembing

Það ku vera alveg gildislaus staðreynd í augum neytandans að kvikmyndin hafi verið gerð án opinberra styrkja, en miðað við útkomuna, þekktu leikarana og slípuðu vinnubrögðin eru engin auðsjáanleg merki um neinn „indí“ keim. Leikstjórnarnir, Örn Marinó Arnarson og Þorkell S. Harðarson, eru reyndir í ýmsu (og gerðu meðal annars hina frábæru heimildamynd um HAM; Lifandi dauðir) og byggja efniviðinn á fjölda reynslusagna úr veiðiferðum. Annars vegar virkar húmor myndarinnar á blaði eins og ódýr tímaskekka; allt frá kúk- og pissbröndurum til dýraníðs- og „gay-panic“-brandara. Einhvern veginn tekst þó, með einhverjum töfrandi bræðingi, hjá leikstjórnunum og leikhópnum að selja farsann og gera hann trúverðugan, sannfærandi og ofar öllu jarðbundinn.



Persónusköpun er ekki alveg í fyrirrúmi og hefði myndin getað grætt óhemju mikið á aukinni mannúð, frekar en að gera helstu persónur að gríntýpum sem einkennast af hegðun þeirra og prófil. Þá stendur eftir ein af þeim myndum þar sem áhorfandi tengir hvern karakter við annaðhvort nafn leikarans sem sér um túlkunina eða yfirborð hvers og eins. Allir félagarnir sem hér veiða og sumbla saman bera eflaust einhver skírnarnöfn en þykir ekki ólíklegt að yfirlitið samanstandi af yfirstéttarsnobbinu (sem Þorsteinn Bachmann leikur), töffaranum góða (Hilmir Snær Guðnason), fátæka kæruleysingjanum (Þröstur Leó Gunnarsson), meðvirka pabbanum (Halldór Gylfason), hinum peningalausna manni (Hjálmar Hjálmarsson) og óvænta gestinum með enn óvæntari fortíð (Jóhann Sigurðarson, sem stundar það grimmt út myndina að hnupla hverri senu).


Auk lykilhópsins, sem slær á allar réttu nóturnar, er hér að finna stórfínt hlaðborð af aukaleikurum, jafnvel þótt

myndin dragi aðeins kraftinn úr fjörugri lokasenu með því að afhjúpa leynigest myndarinnar með nafni í upphafstextanum.

Það leyndi sér þó alls ekki að bíosalurinn var í húrrandi hláturskasti á sýningunni sem undirritaður sótti. Síðasta veiðiferðin er gamanmynd sem leggur allt undir fyrir ákveðna stemningu og skilar hún sér með prýði. Myndin tikkar í þau box sem hún þarf og er það í raun aukaatriði hvort hún sé sköndin annað slagið eða sprenghlægileg. Brandararnir eru oftast ekki í fyrirsjáanlegri kantínunum, en lykilatriðið er að framsetningin heldur flottu flugi, dýnamík leikaranna gefur frá sér gott stuð og rúllar framvindan frá A til B án nokkurrar fitu, tilgerðar eða rembinga. Á meðan gamanið fær að halda sér í gamanmynd, sérstaklega þegar hún rétt slagar í 80 mínútur, telst mest allt annað til of mikillar krufningar. Á óhressandi tímum má ýmslegt verra gera en að hlæja að fáeinum rasshausum. ■

**Í stuttu máli:** Brattur, hlægilegur og merkilega jarðbundinn farsagangur. Myndin kemur hressandi inn á óhressandi tímum.

### Sjáðu þessa ef þú kannt að meta



# VELDU ÚR MEÐ SÁL

**J.S. Watch co.**  
REYKJAVÍK

**GILBERT**  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100



Vel og vandlega

# Sérhæfð ráðgjöf við viðhald og endurbætur

Viðhald fasteigna er okkar sérgrein. Við störfum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög og tryggjum að verkin séu unnin af fullkominni fagmennsku.

verksyn.is | 517 6300

  
VERKSÝN



# „STÓRIR STRÁKAR FARA EKKI AÐ GRENJA“

Skortur er á úrræðum fyrir karlmenn sem lent hafa í áföllum í æsku

Bara deyfa sig nógu mikið niður til þess að þurfa ekki að muna hlutina

Audur Ösp Guðmundsdóttir  
audur@dv.is



Ég notaði eiturlýfin bara til þess að líða vel á móti vanlíðaninni. Ástæðan er einfaldlega sú að ég kunni ekki neina aðra leið. Og bara svona óvart finn þessa leið,“ segir ungur íslenskur karlmaður sem leiddist út í neyslu fíkniefna í kjölfar siendurtekinna áfalla á yngri árum, svo sem vanrækslu í æsku, einelti og ofbeldi á vinnustað. Hann segir neysluna vera beina afleiðingu af þessum áföllum og að skortur sé á skilningi í þjóðfélaginu.

Skortur er á skilningi meðal fagfólks og í samfélaginu um að stundum sé um að ræða undirliggjandi orsök þegar kemur að fíkniefnaneyslu karlmanna, eins og áföll. Svo virðist sem skortur sé á úrræðum fyrir karlmenn

sem lent hafa í áföllum í æsku svo hægt sé að vinna úr afleiðingum þeirra. Einnig skortir markvissa stefnu til að aðstoða þá sem nota fíkniefni til að slá á andlega vanlíðan.

Þetta kemur fram í niðurstöðum Margrétar Tórshamar Georgsdóttur en meistaraþrófsritgerð hennar við heilbrigðisvísindasvið HA fjallaði um reynslu karlmanna sem hafa verið í fíkniefnaneyslu vegna áfalla í æsku.

Í tengslum við rannsóknina ræddi Margrét við sjö karlmenn sem höfðu allir misnotað fíkniefni á einhverjum tímapikti, en eru komnir á beina braut í dag. Allir urðu þeir fyrir áföllum í æsku á borð við ofbeldi af hálfu foreldra, afskiptaleysi foreldra, dauðsfall í fjölskyldu, dauðsfall náins vinar, einelti, nauðgun, vanrækslu í æsku, ofbeldi á vinnustað og ofbeldi af hálfu eldra fólks.

Flestir þeirra höfðu lent í fleiri

en einu áfalli og höfðu áföllin mikil áhrif á andlega líðan þeirra og hjá flestum fylgdu afleiðingarnar þeim fram á fullorðinsár. Margir reyndu að leita leiða til að líða betur en áttu erfitt með að finna eitthvað sem virkaði. Karlarnir prófuðu sig margir áfram með fíkniefni og hjá mörgum þeirra sloknaði á þeim slæmu tilfinningum sem þeir fundu fyrir og þeim leið vel það kvöldið. Þetta orsakaði að þeir byrjuðu að leita í fíkniefni til að líða betur.

## Fíkniefnin voru bjargráð

Í niðurstöðum kemur fram að allir mennirnir upplifðu fíkniefnaneyslu sína sem afleiðingu af áföllum sem þeir urðu fyrir í æsku. Með neyslu upplifðu þeir létti, dofa eða flóttu frá ýmiss konar vanlíðan.

Einn úr hópnum lýsir því hvernig áfengi og kannabis hjálpuðu honum að gleyma slæmum

minningum úr æsku.

„Númer eitt, tvö og þrjú það er það fyrsta sem mér dettur í hug. Bara deyfa sig nógu mikið niður til þess að þurfa ekki að muna hlutina þann klukkutímann.“

Annar úr hópnum lýsir því þannig að eftir mörg ár af vanlíðan hafi fyrsta víman hans verið „það frábærasta sem hann lenti í á ævinni.“ Hann hafi ekki vitað að það væri hægt að „líða vel án þess að hafa neitt fyrir því að líða vel“.

„Það var svona ... þú veist, allveg sama hvort það var að fara á fylleri eða hvað það var, maður gat bara skrapað saman smá pening og keypt sér það að vera hress ...“

## Strákar eiga að vera harðir

Mennirnir sem rætt var við lýstu því einnig hvernig umhverfisáhrif og ímynd samfélagsins af „alvöru karlmönnum“ hefði haft áhrif á þá.

Einn úr hópnum bendir á að það sé ekki beint pressa á karlmenn að tala ekki um tilfinningar eða andlega vanlíðan heldur sé það frekar þannig að það er „enginn að ýta undir að þeir geri meira af því.“ Bendir hann á að mörg samtök séu til fyrir kvenfólk sem hafi lent í alls kyns áföllum, en ekki mikið um þannig samtök fyrir karlmenn.

„Ég á ansi mörg þannig áföll sem að ég hef aldrei unnið úr ... maður elst upp í svona menningarheimi þar sem strákar og karlar eiga bara að vera harðir naglar og það er í rauninni bara logið að manni allskonar hlutir eins og tíminn græðir öll sár ... það er bara bullshit ... manni er sagt að harka af sér og hætta að hugsa um þetta og vera ekki að tala um þetta og eitthvað svoléidis ... og þá í staðinn er maður aldrei að vinna úr hlutunum sem eru stundum bara það að fá að tala um það sko,“ segir annar.

Annar maður úr hópnum tekur í sama streng:

„Það var ekkert svalara í heiminum fyrir mér heldur en þú veist dúddar eins og Arnold Schwarzenegger og þú veist ... hann fór ekkert að grenja ... Það var minna sko að þú áttir ekki að gera þetta heldur að það var bara þú veist ... harðir karlar gera þetta ekki skilurðu. Stórir strákar fara ekki að grenja.“

## Vandamál um allan heim

Í niðurstöðum Margrétar kemur fram að að það virðist sem ákveðin þöggun ríki í samfélaginu um að mögulega sé fíkniefnaneysla afleiðing af áföllum. Vöntun sé á þeirri nálgun í meðferðarúrræðum hér á landi til að vinna með rót vandans, en ekki aðeins neysluna sjálfa.

„Það kom á óvart í niðurstöðum rannsóknarinnar hversu algengt það var að karlarnir hefðu lent í fleirum en einu áfalli í æsku. Flestir höfðu þeir lent í tveimur eða fleiri áföllum sem fylgja þeim enn til dagsins í dag. Einnig kom fram hversu mikilvægt körlunum fannst vera að fá góða sálræna þjónustu til að vinna úr áföllum um samhliða því að vera í fíknimeðferð. Þeim fannst ekki nóg um slíka þjónustu þar sem í fíknimeðferð er nær eingöngu einblínt á fíknina sjálfa, ekki mögulegar ástæður fyrir fíkninni, áföllin,“ ritar Margrét.

Þá bendir Margrét einnig á að ljóst sé að það þurfi að gæta sérstaklega að fólki sem lendir ungt í áföllum, svo það þurfi ekki að bera afleiðingar áfallanna á herðum sér langt fram á fullorðinsár, ef ekki alla ævi. Svo virðist sem einnig sé skortur á upplýsingum um úrræði fyrir karlmenn sem lent hafa í áföllum í æsku svo hægt sé að vinna úr afleiðingum áfallsins.

„Margir þekkja til einstaklinga eða aðstandenda þeirra sem látið hafa lífið vegna óhóflegrar neyslu fíkniefna. Því miður er þetta vandamál ekki síður á Íslandi en annars staðar. Undanfarin ár hafa sjálfsvíg karlmanna verið áberandi í fréttum hér á landi og er nokkuð ljóst að eitthvað þarf að gera. Sú staðreynd að einstaklingar grípi til fíkniefna til þess eins að líða betur andlega er sorglegur raunveruleiki og mikilvægt er að koma til móts við þá sem finnst þeir ekki hafa aðra kosti. Þegar fíkniefnaneysla er orðin að örvæntingarfullri leið til að líða betur er augljóst að neyslan snýst ekki lengur um fíkniefnin. Engri manneskju á að líða eins hennar val sé annaðhvort að deyfa sig nógu mikið andlega til að finna ekki til eða að enda líf sitt,“ segir enn fremur í niðurstöðum rannsóknarinnar. ■

## HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

## Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202



# lónaður um allt land

13. mars 2020

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS:

## Rótgróið garðaðþjónustu- fyrirtæki í Garðabænum

**G**arðaðþjónusta Íslands er rótgróið alhliða skrudgarðyrkjufyrirtæki og hefur verið starfandi í ellefu ár. „Við sjáum um allt sem viðkemur garðyrkju, umhirðu og garðaðþjónustu. Við erum mikið í almennum garðstörfum svo sem garðslætti, áburðardreifingu, trjáklippingum o.fl. Einnig erum við stórir í viðameiri garðlausnum svo sem hellulagningu, pallasmiði og skjólveggjum. Svo tökum við líka í gegn lóðir af öllum stærðum og gerðum frá grunni,” segir Róbert Bjargarson, sem rekur fyrirtækið.

„Ég er með fjölda starfsmanna sem eru hoknir af reynslu í ýmiss konar garðyrkjustörfum og búnir að starfa með fyrirtækinu til fjölda ára og sjálfur er ég garðyrkjumenntaður,” segir Róbert.

### Komdu í áskrift í árstiðabundinni umhirðu

Garðaðþjónusta Íslands veitir alhliða þjónustu í garðaðþjónustu fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög. „Þá erum við með stóran hóp fastra viðskiptavina sem við sinnum árlegu viðhaldi fyrir. Margir hverjir hafa verið hjá okkur

frá upphafi. Starfsmenn okkar mæta þá á staðinn og sinna öllum árstiðarbundnum garðverkum. Núna er til dæmis nauðsynlegt að huga að trjáklippingum, grísjun og formun. Í vor fara starfsmenn fyrirtækisins í áburðardreifingu og í lok vors og snemma í sumar fer garðslátturinn í gang. Við sinnum garðverkum allt árið og á veturna sjáum við t.d. um hálkueyðingu og snjómokstur.”

**Tökum á móti tilboðum núna**  
Það er alltaf mikið að gera í garðyrkjubransanum og mælir Róbert með að fólk hafi samband

sem fyrst. „Það er æskilegt að panta skoðun hjá okkur sem allra fyrst sérstaklega þeir einstaklingar sem eru að huga að framkvæmdum, þ.e. minni eða stærri breytingum. Eftirspurnin er mikil eftir góðum garðyrkjumönnum og við tökum á móti tilboðum núna.”

**Garðaðþjónusta Íslands er staðsett að Norðurtún 7, 225 Garðabæ. Sími: 866-9767**  
Nánari upplýsingar má nálgast á [gardathjonustaislands.is](http://gardathjonustaislands.is)





Hér er verið að sækja Perluna. Rísastór perla á hafsbotni



Hér er verið að dæla sjó úr Perlunni.



Hér er verið að sækja Perluna.

KÖFUNARÞJÓNUSTA SIGURÐAR:

# Sér um allt milli sjávaryfirborðs og hafsbotns

**K**öfunarþjónusta Sigurðar tekur að sér öll verkefni sem snúa að köfun. „Ég stofnaði þetta fyrir 22 árum síðan eða 1998 og hef verið að kafa alla daga síðan. Sjálfur leiddist ég út í þetta af einskærri ævintýramennsku eftir að hafa verið í björgunarsveit og starfað sem sjómaður og vélstjóri. Ég var alltaf heillaður af köfun sem unglingur og tel mig vera heppinn að geta starfað við köfun í dag,” segir Sigurður Stefánsson, eigandi Köfunarþjónustu Sigurðar.

## Vandamálín eru ekki til

„Við sjáum um allt milli sjávaryfirborðs og hafsbotns hvort sem það er björgun skipa af fjölbreyttri stærðargráðu eða viðhaldi hafnarmannvirkja svo sem á byggingum, flotbryggjum og fleiru. Einnig höfum við þjónustað kvikmynda- og auglýsingaiðnaðinn þar sem þarf að ná skotum neðansjávar og fleira.

Þegar kemur að hafnarmannvirkjum erum við yfirleitt að kafa á 5-12 metra dýpi. Oft erum við svo að kafa á rétt undir 30 metra dýpi og svo einstaka sinnum höfum við farið undir 50 metrana. Okkar mottó er að það eru ekki til nein vandamál. Það eru bara verkefni sem þarf að leysa, og við gerum alltaf okkar besta til þess að leysa öll verkefni sem fljóta til okkar,” segir Sigurður.

## Alltaf nóg að gera

„Við erum allajafna sex sem störfum hjá Köfunarþjónustu Sigurðar og eigum það allir sameiginlegt að vera miklir ævintýramenn. Það sem er svo skemmtilegt við þessa vinnu er að maður veit ekkert hvað maður er að fara að gera þegar maður vaknar á morgnana. Það er alltaf nóg að gera hjá okkur enda er vinnusvæði okkar allt landið, hvort sem það eru Egilsstaðir, Raufarhöfn eða Vestmannaeyjar. Við erum annars allajafna staðsettir á Ásbrú. Þá má það koma fram að við erum að leita að fleiri köfum til þess að starfa með okkur. Áhugasamir mega endilega hafa samband við okkur.”

## Alveg eins og í Titanic

Hver man ekki eftir Titanic, stórmyndinni sem skók heiminn árið 1997 og atriðinu þegar kafarinn kemur upp með öryggisskápinn sem átti að innihalda einn verðmætasta skartgrip veraldar, Hjarta

hafsins? En það eina sem finnst í skápnum er teikning af falgri konu með menið um hálsinn. Þeir sem hafa séð myndina vita að steinninn fór aldrei niður með skipinu heldur faldi aðalpersónan, Rose DeWitt Bukater skartgripinn á sér og kastaði svo í hafið á gamalsaldri. Því fannst gimsteinninn aldrei.

En er þetta eitthvað líkt þeim verkefnum sem þið hjá Köfunarþjónustunni hafið verið að starfa við? „Það má reyndar segja að við sóttum stærsta gimstein Íslandssögunnar af hafsbotni Reykjavíkurhafnar fyrir nokkrum árum síðan. Þá á ég ekki við raunverulegan gimstein, heldur sanddæluskip að nafni Perlan sem sökk í nóvember 2015. Við höfum tekið þátt í bæði litlum

og stórum verkefnum þegar kemur að björgun skipa og var Perlan eitt verkefna okkar sem fékk hvað mesta umfjöllun í fjölmiðlum.“ Skipið sökk á hálf tíma 2. nóvember í Reykjavíkurhöfn eftir að hafa verið sleppt úr slipp.


„Röð óheppilegra mistaka varð til þess að skipið sökk og þar sem hátt í 12 þúsund lítrar af oliu voru í skipinu og 800 lítrar af glussa hófumst við handa, ásamt starfsmönnum Björgunar við að loka skipinu til að koma í veg fyrir að olía læki úr því og til að undirbúa að hægt yrði að lyfta því. Skipið lá svo á hafsbotni í tvær vikur áður en við náðum að dæla úr því sjó og ná því upp. Þegar svona stór verkefni koma á borð hjá okkur fáum við skipaverkfræðinga til þess að vinna með okkur og að þessu sinni unnum við með Navis til þess að reikna út stöðugleika skipsins.” Mánudaginn

16. nóvember tókst að ná sanddæluskipinu Perlu af botni Reykjavíkurhafnar.

Köfunarþjónusta Sigurðar er staðsett í Reykjanesbæ. Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni [dive4u.is](http://dive4u.is) is og á Facebooksíðunni: Köfunarþjónusta Sigurðar ehf. Sími: 899-6345 Netpóstur: [siggi@dive4u.is](mailto:siggi@dive4u.is)







HEITGOLF.IS:

# Þökk sé Heitum gólfum heyra kaldar tær sögunni til

**E**kki er að undra þótt gólfhiti sé næstum því staðalbúnaður í nýjum húsum. Þá er einnig algengt að eigendur eldri húsa skipti út ofnum fyrir gólfhitalagnir. Ofnar eru oft stórir og klunnalegir og taka dýrmætt fermetrapláss. Margir skyggja á glugga sem ná niður í gólf og geta verið mikil herbergislýti. Hitadreifingin er betri og þetta er hagkvæmari lausn í upphitun húsa. Sumir óttast enn fremur að ofnalagnir fari að leka inni í veggjunum. Svo er það einfaldlega svo þægilegt og notalegt að ganga á hlýju gólf. Heit gólf sérhæfir sig í hitalögnum í gólfleti hvort heldur er fyrir einstaklinga, iðnaðarmenn eða stofnanir og fyrirtæki. Einnig sérhæfa þeir sig í flotun. „Það skiptir í raun ekki máli hvaða gólfefni er valið ofan á, við mælum alltaf með því að fólk floti yfir lagnirnar,” segir Þór Þorsteinsson, eigandi Heitra gólfa.

„Við leggjum metnað í stundvísu og gefum eins nákvæma tímasetningu um verklok og hægt er. Að fræsa fyrir hitalögnum, leggja þær, sem og að flota gólfinn eftir á tekur oftast um 1–2 daga en gólf eru mishörð. Í nýrri húsum er algengt að grunnurinn

sé úr sterkri stepu. Í eldri húsum er grunnurinn úr gljúpari efnum. Við notum Hepa filtera þegar við fræsum fyrir rörunum. Sían tekur nær allt ryk sem myndast, minnkar þörf á þrifum og líkum á því að sveppagró úr myglusvepp, sem getur myndast í eldri gólfum og jafnvel nýrri húsum, dreifist út um allt hús. Öflug rafstöð í bílnum okkar knýr áfram allan okkar búnað. Því erum við óháðir rafmagni á hverjum stað fyrir sig.”

## Réttu efnin og hitastigið

„Við notum 16 mm þýskar hágæða rörlagnir, sem eru jafnframt þær sverustu. Virknin er hraðari enda munar töluverðu í rúmmetrum á vatni sem kemst í gegnum rörin, hvort þú sért með 16, 14 eða 12 mm. Góð uppblöndunarkista er líka mikilvæg. Hún sér til þess að vatnið sem fer í gólfð sé við rétt hitastig. Heita vatnið sem kemur í húsin er allt frá 60–90°C en kistan blandar vatnið niður 30°C. Of heitt vatn í lögnunum getur valdið skemmdum á gólfefnum. Við mælum ávallt með Danfoss gólfhitakistunum. Svo er hægt að setja þráðlausan

nema til að stjórna hitanum í hverju herbergi fyrir sig. Ef þú ætlar að kíkja í bústaðinn yfir helgina hringirðu í Danfoss og þeir auka hitann í bústaðnum áður en þú mætir á staðinn. Ef þú svo gleymir að minnka hitann þegar þú ferð er hægt að redda því án þess að þurfa að gera sér ferð á staðinn. Ekki henta alveg öll gólfefni jafn vel á upphituð gólf, þó svo að flest geri það. Því er mikilvægt að ráðfæra sig við söluaðila gólfefna um hvaða efni henta og hver ekki.”

## Heit gólf hefur tekið að sér fjölda verkefna og eru viðskiptavinir afar ánægðir með vinnuna.

„Ég vil þakka ykkur, og þér Þór sérstaklega, fyrir vel unnið verk og góða þjónustu. Þeir hjá Heitum Gólfum komu til mín og fræstu fyrir gólfhita á 102 fermetrum af efri hæðinni. Samskipti voru bæði fagmanleg og ánægjuleg ásamt því að allar tímasetningar stóðust. Tækjabúnaður er öflugur og var fræsingin ryklaus. Ég er ekki með 3ja fasa rafmagn og það var því mikill kostur að þeir nota eigin rafstöð í vinnubílnum og þurfa ekki að

tengjast rafmagnskerfi hússins. Þeir voru mjög sveigjanlegir og tóku vel í sérþarfir viðskiptavinarins s.s. að hafa þéttara lagnabil við útveggi og að fræsa fyrir 17 mm gólfhitarörum í stað þess sem venja er,” – Skúli Guðmundsson.

Gólfhitalagnir eru ekki bara innandyra lausn. „Við leggjum bæði vatnslagnir og raflagnir í útitröppur. Það er að sjálfsögðu meiri vinna og dýrara en hefðbundið verk, en það getur líka verið rándýrt að fótbrjóta sig í hálum tröppum. Sjálfur er ég með rafhitalagnir í útitröppunum heima og þetta borgar sig margfalt. Maður einfaldlega kveikir á þessu í desember og slekkur í mars. Tröppurnar eru þurrar allan ársins hring. Ég þarf aldrei að moka snjó og hálur tröppur eru úr sögunni,” segir Þór.

**Heit gólf á Stöð 2 í þættinum Gulli Byggir. Hitalagnir voru settar í gólf og flotað fyrir Ninu og Gísla. Nánari upplýsingar á heitgolf.is og Facebook: Heit gólf. Glaðheimar 16, 104 Reykjavík. Sími: 430-8300 og 830-8300 heitgolf@heitgolf.is**





TUNGLSKIN.IS ER MEÐ HÁGÆÐA RAFTÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI:

# Öflugasti sími í heimi væntanlegur í vefverslun

**P**au Harpa Dögg Magnússdóttir og Victor Manuel Carreira Lagoa opnuðu vefverslunina Tunglskin í nóvember síðastliðinn og viðtökurnar hafa farið fram úr þeirra björtustu tunglskinsvönunum. „Við seljum nær eingöngu vörur frá raftækjaframleiðandanum Xiaomi, eða Mi eins og merkið er betur þekkt sem. Merkið er heimsþekkt fyrir framleiðslu á hágæða raftækjum á enn betra verði,” segir Harpa.

„Maðurinn minn, Victor, er hugmyndasmiðurinn og heilinn bak við Tunglskin og starfsemi okkar. Hann vinnur við þetta dag og nótt og ég aðstoða hann við praktiska hluti. Hann starfaði m.a. á Spáni við innflutning á raftækjum og öðrum

vörum. Þar kynntist hann meðal annars vörunum frá Xiaomi sem er enn tiltölulega óþekkt vörumerki á Íslandi miðað við erlendis. Á Íslandi sá Victor möguleikann á að geta flutt inn og boðið upp á Xiaomi-vörurnar á verði sem hefur vart sést á íslenskum raftækjamarkaði. Hugmyndafræði Xiaomi er Gæðavörur á góðu verði og til þess að heiðra einkunnarorð þeirra gætum við þess að halda álagningu alveg í lágmarki. Það skilar sér einfaldlega í því að hvergi á Íslandi getur þú fengið hágæða raftæki á jafngóðu verði og hjá okkur.”

**Besti sími heims 100.000 kr. ódýrari en næstu þrír á topplistanum**  
„Hugmyndafræði Xiaomi sést hvað

best í því að nýjasti snjallsíminn frá þeim, Mi 10 Pro, fær toppþeinkunn fyrir myndavél, upptökubúnað og hljóð á DXO Mark, sem er vefsíða sem gerir samanburð á snjallsímum og myndavélum.

Xiaomi er því að bjóða upp á öflugasta símann á markaðnum í dag og ekki nóg með það, heldur er hann hátt í 100.000 krónum ódýrari en sambærilegir símar, sem eru þó sumir ekki í jafnmiklum gæðum. Að sjálfsögðu ætlum við að selja Mi 10 Pro og erum að biða eftir fyrstu sendingunni. Það er um að gera að fylgjast með okkur á Facebook því við látum vita þar hvenær von er á nýjum vörum. Þess má geta að við erum nú þegar með Mi Note 10 Pro til sölu

hjá okkur, en sá sími er í fjórða sæti á DXO Mark-listanum og er ein af vinsælustu vörunum okkar í dag.”

**Sýnishorn af því sem er í boði hjá Tunglskin.is**

Nýlega opnaði Tunglskin sýningarrými að Skútuvogi 11 þar sem fólk getur komið að skoða og prófað Xiaomi-vörurnar. „Þá má prófa t.d. símana, rafhlaupahjólin og flest það sem er í boði á síðunni. Þetta hefur komið sér vel fyrir marga af okkar viðskipavinum.”

**Skoðaðu úrvalið á tunglskin.is eða komdu í heimsókn í sýningarrýmið að Skútuvogi 11.**  
**Facebook: Tunglskin**

**Mi Body Composition** snjallheilsuvigtin tengist snjallsímanum og MI Fit Appinu og veitir þér yfirsýn yfir alla þá þætti sem skipta máli þegar á að bæta heilsuna og komast í gott form. Hægt er að skoða mælingasögu og breytingar á BMI, líkamsþyngd, líffærafitu, vöðvaþyngd, beinmassa, líkamsfitu, vatni í líkama, BMR, heilsueinkunn og stærð yfir vikuna, mánuðinn eða árið. Einnig hentar hún vel til ungbarnaþyngdarmælinga og mælingar jafnvægis. Falleg og nett hönnun. **4.990 kr.**



**Xiaomi M365**-rafhlaupahjólið vegur ekki nema 12,5 kíló og er framleitt úr aircraft-grade flugvélaáli. Hjólið er samanbrjótanlegt og inniheldur öflugan 250W rafmagnsmotor sem tekur aðeins 5,5 klukkustundir að hlaða. Úrval aukahluta eins og flottir hjálmar, öryggislásar, sæti, símahaldarar og fleira. Einnig hægt uppfæra hlaupahjólið með innbyggðu mælaborði til að sjá hraða, rafhlöðuhleðslu, lengd ferða, o.fl. Tunglskin er í samstarfi við OSS sem er eina sérhæfða viðgerðarþjónustan á Íslandi fyrir rafhlaupahjól og rafhjól frá Xiaomi. **47.990 kr.**



**Mi snjallhraðsuðuketillinn** er einstaklega þægilegur í notkun og er fullkominn fyrir teáhugamanninn á heimilinu. Svart te þarf sjóðandi vatn til að fá bestu upplausn og bragð en grænt te leysist best upp í 80–90° heitu vatni og getur orðið beiskt ef vatnið er of heitt. Næringarefni í hunangi skemmast einnig í of heitu vatni. Hér geturðu stílt hitastigið á vatninu eftir þínum þörfum. Ketillinn heldur vatninu í réttu hitastigi í allt að 12 klst. í einu, án þess að nota mikla orku og missa mikilvæg efni úr vatninu. **5.990 kr.**



**Mi Note 10 Pro**-snjallsíminn frá Xiaomi er ótrúlega fjölhæfur og einstakur sími sem hefur 5 myndavélar á bakhlið, hvern með sína einstöku eiginleika. Síminn er einnig frábær í sjálfumyndatökum. Þessi klikkar ekki í fermingarpakkann eða í útskriftargjöf. **81.990 kr.**



**Mi lhealth** innrauði hitamælirinn er vandaður og þægilegur hitamælir sem hentar fullkomlega á hvert heimili. Einstök hönnun sem hefur vakið athygli. Mælirinn þarfnast ekki snertingar við mælingar sem minnkar smithættu og því óþarfi að vekja þann lasna. Eins gefur hann ekki frá sér hljóð heldur titrar þegar hitaniðurstöðurnar eru komnar svo engin hættu er á að trufla veika einstaklinginn. **4.790 kr.**





Sómi 940 eftir lengingu.



BALDUR HALLDÓRSSON:

# Úr bátasmiði í margháttaða þjónustu við smábátaútgerð

Árið 1953 hóf Baldur Halldórsson smíði trillubáta á Hlíðarenda við Akureyri eftir að hafa lokið meistaraþrófi í skipasmiðum. Tæplega aldarfjórðungi síðar hóf hann innflutning á vörum og vélbúnaði fyrir minni fiskiskip. Á seinni árum hefur starfsemin þróast yfir í viðgerðir og breytingar á bátum, margháttaða þjónustu við eigendur minni fiskiskipa og sölu á vélbúnaði og margvíslegri vöru fyrir báta frá mjög þekktum og virtum erlendum framleiðendum.

Baldur Halldórsson er nú látinn en fyrirtækið með nafni hans er í eigu systkinanna Sigurðar Hólmgeirs Baldurssonar og Ingunnar Kristínar Baldursdóttur,

sem halda merki föður síns á lofti með því að þróa starfsemina áfram. „Í dag erum við sáralítið í nýsmíði báta en við gerum við báta, gerum þá upp, lengjum þá og breytum gömlum bátum,“ segir Sigurður. Umfangsmikill hluti af starfseminni er sala á ýmiss konar vöru og vélbúnaði fyrir báta og minni fiskiskip.

Helsti birgirinn er hið þekktu og virta hollenska fyrirtæki Vetus B.V. sem er eitt af stærstu fyrirtækjunum í Evrópu á sviði vélbúnaðar og vöru fyrir minni fiskiskip. Samstarfið við Vetus hófst á miðjum áttunda áratugnum. „Gamli maðurinn hitti þá á sýningu í London fyrir ríflega 40 árum og upp úr því hófst þetta langa

og gæfurika samstarf,“ segir Sigurður. „Við erum auk þess með skipalakk og botnmálningu frá ítalska fyrirtækinu Veneiani, Patey-handdælur frá Pump International og mikið úrval af rafmagnsdælum frá TMC-IN,“ bætir hann og nefnir einnig til sögunnar alls konar „sportvörur“ eða aukabúnað, s.s. bjargvesti, árar og fleira. „Við erum með gríðarstóran lager af vörum og sendum í pósti um allt land,“ segir hann enn fremur.

Fyrirtækið Baldur Halldórsson leggur mikla áherslu á góða og persónulega þjónustu og sömu aðilarnir leita aftur og aftur til fyrirtækisins um þjónustu. Sigurður hefur starfað þarna í um þrjá áratugi og segir að tíminn hafi liðið

hratt: „Mér finnst ég stundum vera orðinn gamall þegar hingað leita til min kornungir menn og segja: Afi sagði mér að koma til þín,“ segir hann og hlær.

Þrjár manneskur eru í fullu starfi hjá Baldri Halldórssyni og einn í hlutastarfi, en fyrirtækið á auk þess í miklu samstarfi við járnsmíðaverkstæði og rafvirkja til að veita viðskiptavinum sínum þá þjónustu sem þeir þurfa. Baldur Halldórsson er enn til húsa á sínum upphaflega stað, að Hlíðarenda, sem er í um 2,5 kílómetra fjarlægð frá miðbæ Akureyrar – við veginn upp að skíðasvæðinu.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni [baldurhalldorsson.is](http://baldurhalldorsson.is).





LOFTSTOKKAHREINSUNIN K2:

# Hreinsun loftræstikerfa í fjölbýlishúsum mikilvæg

**L**oftstokkahreinsunin K2 ehf. sérhæfir sig í hreinsun og sótthreinsun loftræstikerfa og hefur yfir áratuga reynslu af hreinsun loftræstikerfa á Íslandi. Magnús Ásmundsson, verkefnastjóri K2, segir fyrirtækið sinna einstaklingum sem og fyrirtækjum og það sé nóg að gera enda gríðarlega mikilvægt að hreinsa loftræstikerfi reglulega áður en þau skaða heilsu fólks.

**Stundum er ekki þörf á hreinsun – þetta getið þið gert sjálf**  
Það kemur stundum fyrir að starfsmaður K2 mætir til að skoða loftræstingu, til dæmis í baðherbergi í fjölbýlishúsi, og þá kemur í ljós að ekki er þörf á hreinsun. Stundum

þarf bara að skrúfa túðuna úr og þrifa. En þetta geta allir gert sjálfir.

**Þessi aðgerð er framkvæmd í þremur skrefum:**

1. Þú byrjar á því að skrúfa miðjuna úr
2. Síðan snýrðu túðunni til að losa hana frá
3. Loks skolar þú túðuna og skrúfar hana síðan aftur

**Þegar þörf er á hreinsun – hvernig fer hún fram?**  
„Loftræsting í fjölbýlishúsum er í flestum tilfellum á gluggalausum baðherbergjum og geymslum. Það er mjög mikilvægt að loftræstingin

nái að losa raka og hita sem safnast upp því þegar loftstokkar eru skitugir og ná ekki að loftræsta rýmið þá er hættu á að raki þéttist í herberginu sem býður svo upp á skemmdir og jafnvel myglu.  
Hreinsun fer þannig fram að starfsmenn K2 mæta og fara annaðhvort upp á þak eða á lagnaloft sé það til staðar, þaðan eru loftræstistokkar hreinsaðir frá þaki niður í hverja íbúð fyrir sig og í sumum tilfellum sótthreinsaðir. Einnig er blásari hreinsaður sé hann til staðar.

Að því loknu þarf að fara inn í allar íbúðir í húsinu sem tengjast loftræstingunni og þar er lofttúðan tekin úr og þriffin, og restin af

loftstokk hreinsuð. Það er lítið ónæði fyrir íbúa hússins við svona hreinsun og yfirleitt tekur ekki meira en 10–15 mínútur að klára hverja íbúð eftir að búið er að hreinsa lagnir og blásara frá þaki.  
Æskilegt er að hreinsa útsogskerfi frá baðherbergjum á 3–5 ára fresti.”  
  
Magnús bætir við að K2 bjóði upp á ástandsskoðun loftræstikerfa og mat á því hvort timi sé kominn á hreinsun; ekkert er rukkað fyrir þá þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.  
  
**Þjónustusíminn hjá Loftstokkahreinsun K2 ehf. er 775-7770 og 557-7000. Heimasiðan er: <http://k2.is/>**





BÍLMÁLNING:

# Glæsilegt réttingar- og sprautuverkstæði

**B**ílmálning er glæsilegt þjónustufyrirtæki fyrir bíla, en þar er sinnt öllu því sem kemur að viðgerðum og tjónaskoðun á bílum.

## Öll alhliða þjónusta

Bílmálning sérhæfir sig í tjónaviðgerðum á öllum tegundum bifreiða og veitir viðskiptavinum sínum hágæða þjónustu. Hjá fyrirtækinu vinna eingöngu fagmenn með áratuga langa menntun, þjálfun og reynslu í sínu fagi. Starfsmennirnir sækja reglulega námskeið, hérlandis og erlendis, til að verða enn betri í sínu fagi en þeir kappkosta að skila viðskiptavinum sínum góðu og vönduðu verki.

Bílmálning býður einnig upp á hágæða bilasprautun fyrir allar gerðir farartækja, svo sem bifreiðar, mótorhjól, báta, fjórhjól og fleira. Starfsmenn Bílmálningar sjá svo einnig um að útvega viðskiptavinum sínum bilaleigubíl meðan á viðgerð stendur svo að viðskiptavinurinn verði fyrir sem minnstu raski í daglegu lífi.



## Cabas-vottað verkstæði

Bílmálning þjónustar öll tryggingafélög, fyrirtæki, bílaumboð og einstaklinga, en þeir vinna eftir Cabas-tjónmatskerfinu. Cabas-

kerfið er beintengt gagnagrunni tryggingafélaganna. Því þurfa ökutækjaeigendur ekki að fara í skoðunarstöð tryggingafélaganna til að láta meta tjónið heldur geta þeir farið til verkstæði með Cabas. Bílmálning sér auk þess um tjón sem eigendur þurfa að bera sjálfir og gera viðskiptavinum sínum ráðgjöf og föst verðtilboð.

Bílmálning er staðsett að Mánamörk 3 í Hveragerði. Hægt er að hafa samband við Bílmálningu í síma er 867-7604 eða með því að hafa samband í gegnum Facebook-síðuna <https://www.facebook.com/bilmalningis>





HVELLUR-REIÐHJÓLAPJÓNUSTA ALLT ÁRIÐ:

# Gæðamerki, góð þjónusta og gott verð

**H**vellur er orðið gamalt og reynt fyrirtæki í hjólræðabransanum og eitt af fáum sem rekur alvöru reiðhjólaverkstæði," segir Guðmundur Tómasson. Hvellur var stofnað á Grenivík, en Guðmundur og fjölskylda hans hafa rekið fyrirtækið frá árinu 2004 og á Smiðjuvegi frá árinu 2007.

Hjá Hvelli fást hjól fyrir alla, allan aldur og hvort sem fólk vill hjól til daglegra nota eða keppni. „Við byrjuðum snemma að flytja inn reiðhjól og erum eitt af elstu fyrirtækjum landsins í þessum bransa. Við erum með fjölbreytt úrval reiðhjóla fyrir alla aldurshópa. Við erum einnig með mikið af aukahlutum, dekkjum, slöngum og öllu því sem þarf til reksturs hjóla. Hybrid-hjólin, sem eru blanda af götu- og fjallahjóli, og barnahjólin, eru vinsælust," segir Guðmundur.

## Hjólræðar eru ekki lengur bundnar við árstíma

Hjólræðar hafa aukist mikið síðustu ár og þá helst þannig að þær eru stundaðar allt árið í stað hluta árs eins og tíðkaðist áður. Keppnishjólræðar hafa einnig aukist mikið. „Það er alltaf aukning og mikið um fólk, sem ekki hefur hjólað mikið áður, jafnvel eldra fólk, sem vill fara

að hjóla og hreyfa sig meira."

Hvellur hóf innflutning á Fuji-hjólum árið 2006, en þau eiga sér langa sögu sem einn elsti hjólaframleiðandi heims, en fyrirtækið byrjaði um 1900 að framleiða hjól. Fyrirtækið var áður japanskt, en er nú bandarískt og er á toppnum þar í gæðum og leiðandi í hönnun keppnisreiðhjóla. Hvellur selur einnig hjól frá Puky, sem er þýskt gæðamerki í barnahjólum, þríhjólum, sem eru aðalsöluvaran, jafnvægishjólum og hlaupahjólum. „Fyrirtækið er einkafyrirtæki og það er áhugavert að geta þess að fyrirtækið er verndaður vinnustaður," segir Guðmundur. „Rafmagnshjólin frá Fuji og Breezer eru framleidd í Póllandi, gæði og ending rafhlaðna er í hámarki. Rafmagnshjólin eru í seinni þróun hérlandis, miðað við önnur Evrópulönd, eins og til dæmis Holland þar sem þau eru að fara fram úr venjulegum hjólum í sölu."

Hvellur flytur einnig inn margar gerðir reiðhjólaljálma frá KED, hjálmarnir eru framleiddir í Þýskalandi og eru einstaklega vandaðir og til í öllum stærðum. Ungbarnahjálmar eru framleiddir í sömu stöðlum og hjálmarnir fyrir unglinga og fullorðna.

## Alhliða reiðhjólaviðgerðir

Hvellur hefur boðið upp á alhliða reiðhjólaviðgerðir frá upphafi, þar sem boðið er upp á allar viðgerðir, fyrir hvaða hjól sem er.

Hjá Hvelli fást hins vegar ýmsar vinsælar sumarvörur eins og körfuboltaspjöld. Á veturna taka vetrarvörur við, samhliða reiðhjólunum, en Hvellur er langstærsti aðilinn hér á landi í innflutningi á snjókeðjum fyrir allar gerðir farartækja og eru keðjuviðgerðir einnig stór hluti af rekstrinum.

Hvellur hefur gert nýja samninga við birgja um snjókeðjur þannig að verðið hefur lækkað og gæði og fjölbreytni aukist. Fólksbíl- og jeppakeðjurnar hafa slegið í gegn ásamt snjókeðjum fyrir dráttarvélar, allar gerðir vinnuvéla og flutningabíla.

Hvellur er á Smiðjuvegi 30, Kópavogi.

Heimasíða: hvellur.com.

Opnunartími verslunar og verkstæðis er kl. 9–18 virka daga. Á sumrin er einnig opið í verslun á laugardögum frá kl. 13–16.



**HVELLUR**  
Smiðjuveg 30, 200 Kópavogi  
S: 577 6400





# SÚPERBYGG: Öflugt byggingarfyrirtæki á Selfossi

**S**úperbygg hefur verið starfandi í byggingariðnaðinum allt frá árinu 1986. Fyrirtækið hefur mest unnið í viðhaldi húsa og nýsmíði sumarhúsa, en einnig tekið að sér fjölda sérverkefna. „Við sjáum um alla almenna smíðavinnu og tökum að okkur verkefni í hvers kyns nýbyggingum og viðhaldsverkefni. Þá erum við í góðu samstarfi við færa rafvirkja, pipulagningamenn, múrara og málara,“ segir Steinar Árnason, eigandi Súperbygg.

**Lækjarbrekka 10.**  
Súperbygg er staðsett að Eyrarvegi 31-33 á Selfossi. „Mest erum við í því að sinna verkefnum



á Selfossi og í nágrenni. Síðasta nóvember vorum við að klára að byggja sumarhús í Grímsnesinu fyrir Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur. Einmitt núna erum við að byggja mjög vandað parhús á Selfossi. Önnur íbúðin er fullbúin og íbúarnir fluttir inn og hin er stutt frá því að vera tilbúin.“



**Hafðu samband**  
„Starfsmennirnir eru átta talsins að jafnaði, en þegar líða tekur á sumrið er meira að gera hjá okkur og ráðum við þá til okkar sumarstarfsmenn til þess að anna eftirspurn.“ Steinar bætir við að á veturna er mest að gera í innverkum, viðhaldsverkum og

við að setja upp innréttingar í nýbyggingar. „Núna er hins vegar góður tími að hafa samband við okkur ef menn hyggja á framkvæmdir í sumar. Þegar vorar fer dagskráin hjá okkur að fyllast hægt og bitandi fyrir sumarið. Það er því um að gera að hafa samband sem fyrst.“



**Lækjarbrekka syðri brú.**  
Súperbygg, Eyravegur 31-33, Selfossi.  
Sími: 845-1500  
Nánari upplýsingar má nálgast á facebooksiðunni Súperbygg.





GSG:

# Málun á bílastæðum, malbiksviðgerðir, vélsópun og rafhleðslustöðvar

**V**íð höfum verið að í riflega 30 ár og erum með afar stóran og góðan kunnahóp sem hefur verið hjá okkur í mörg ár," segir Þorvarður Kristjánsson, framkvæmdastjóri hjá GSG sem sinnir meðal annars bílastæðamálun, vélsópun, malbiksviðgerðum og lóðapjónustu.

GSG er treyst fyrir mikilvægum verkefnum fyrir Vegagerðina, Reykjavíkurborg og ýmis stórfyrirtæki en GSG þjónar ekki síður smærri aðilum, til dæmis húsfélögum. GSG býr yfir fullkomnum tækjakosti sem auk þekkingar og reynslu starfsmanna stuðlar til dæmis að góðu viðhaldi á bílaplönun og lóðum í kringum fjölbýlishús.

## Engin samskeyti eftir malbiksviðgerðir

Í malbiksviðgerðum býður GSG upp á samskeytalausar viðgerðir á holum og sprungum sem myndast í malbiki. Til þessara verkefna er notast við gashlemm sem gerir starfsmönnum kleift að hita upp malbik í kringum skemmdir. Með þessu mætir heitt malbik heitu malbiki og þannig næst að hindra að samskeyti verði sjáanleg.

## Vélsópun og þvottur bílastæða

GSG býður upp á vélsópun á bílaplönun og gangstígum. Einnig er boðið upp á að þvo plön með vatni en það er oft nauðsynlegt, sérstaklega þegar plön hafa verið

sandborin yfir veturinn. Nokkrar gerðir af sópum eru til staðar og notast er við þá sem henta best hverju verkefni.

## Bílastæðamálun

GSG býður fyrirtækjum, bæjarfélögum, húsfélögum og öðrum upp á málun bílastæða og aðrar yfirborðsmerkingar, t.d. örvar, gangbrautir, blá stæði fyrir fatlaða, biðskylduprihyrninga, gula kanta, gula krossa, miðlinur gatna, hraðatakmarkanir og fleira. Eingöngu er notast við fullkomnasta tækjakost sem völ er á hverju sinni og sérstaka gatnamálningu sem samþykkt er af Vegagerðinni.

## Rafhleðslustöðvar til að mæta rafbílavæðingunni

Uppsetning rafhleðslustöðva er nýjasti þátturinn í starfsemi GSG. „Þetta er vinsæl þjónusta sem við bjóðum mikið upp á þessa dagana. Eftirspurnin fer sívaxandi enda líður vart sá dagur að ekki bætist við rafbílseigandi á landinu," segir Þorvarður, en fyrirtækið setur meðal annars upp rafhleðslustöðvar við fjölbýlishús og fyrirtæki. GSG útvegar hleðslustöð sem hentar hverju sinni, grefur fyrir undirstöðum og lögnum, gengur frá á eftir og malar græn stæði þar sem við á.

Nánari upplýsingar um þjónustu GSG er að finna á vefsíðunni [gsg.is](http://gsg.is). Einnig er gott að hafa samband í síma 588-4800 eða í gegnum netfangið [thorvardur@gsg.is](mailto:thorvardur@gsg.is).





RAFMIENN:

# Fyrirmyndarfyrirtæki með fjölbreytt verkefni

**R**afmenn ehf. er rötgróid fyrirtæki sem hefur aðsetur á Akureyri. Eftir rúmlega 20 ár í rekstri hefur það rækilega fest sig í sessi, og telur nú um 40 starfsmenn sem sinna ýmsum störfum.

Rafmenn leggja höfuðáherslu á skjóta og góða þjónustu, heiðarleg vinnubrögð, sanngjarnt verð og snyrtimennsku.

**Kirkjur, jarðgöng og allt þar á milli**  
Verkefni Rafmanna eru jafnt stór sem smá. Samheldinn hópur karla og kvenna vinnur gláður að hvaða verkefni sem er. Hjúkrunarheimili, íþróttamannvirki, skrifstofuhúsnæði, veitingahús, íbúðabyggingar, menningarhús, virkjanir, kirkjur, skólar og hótél eru allt verkefni sem fyrirtækið hefur unnið að og skilað vel af sér.

Þá hefur fyrirtækið komið að eða séð alfarið um raflagnir í stórum hluta jarðganga á Íslandi til þessa, en það eru Múla-, Almannaskarðs-, Héðinsfjarðar-, Norðfjarðar- og Vaðlaheiðargöng. Meðal annarra stórfamkvæmda sem fyrirtækið hefur komið að eru Kárahnjúkavirkjun, Alcoa Fjarðaál, Þeistareykir, Krafla og Bakki. Þá sinnir fyrirtækið einnig öllum rafstöðvum fyrir Milu, Neyðarlínuna, Sýn og RÚV um allt land.

## Fyrirmyndar fyrirtæki og lof í Hofi

Árið 2012 hlutu Rafmenn viðurkenningu fyrir vinnu sína við Menningarhúsið Hof á Akureyri. Starfsmönnum fyrirtækisins þykir að sögn sérlega vænt um þá viðurkenningu.

Nýverið komust Rafmenn síðan á lista yfir Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri, sem árlega er tekinn saman af Viðskiptablaðinu og Keldunni. Einnig 2,7% fyrirtækja á Íslandi eru fyrirmyndarfyrirtæki samkvæmt skilyrðum listans.

## Ekkert verkefni of stórt eða of lítið

Rafmenn taka að sér alhliða þjónustu í heimilis- og fyrirtækjalögnum, öryggis-, síma- og tölvulögnum. Einnig þjónustar fyrirtækið rafbúnað í hinum ýmsu tækjum og tólum fyrir fjöldann allan af

fyrirtækjum. Hvort sem um er að ræða stór verkefni eða smá eru starfsmenn fyrirtækisins tilbúnir að finna leið til að leysa þau.

**Frekari upplýsingar má nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, rafmenn.is eða í síma 460-6000**







# JEPPASMIÐJAN LJÓNSSTÖÐUM: Þjónusta og varahlutir í miklu úrvali

**B**ræðurnir Ólafur og Tyrfingur Leóssynir stofnuðu Jeppasmiðjuna árið 1990. Upphaflega snerist starfsemin um hvort tveggja varahluti og viðgerðir. Viðgerðir á sjálfskiptingum og almennar jeppaviðgerðir voru þá helstu sérsvið Jeppasmiðjunnar. „Einnig hefur fyrirtækið komið mikið að bílabreytingum í gegnum árin og þessir breyttu bílar hjá ferðaþjónustufyrirtækjunum eru til dæmis flestir með einhverja hluti sem við höfum smíðað,“ segir Tyrfingur.

**Sérhæfa sig nú í varahlutum** Þegar Ólafur féll frá var starfsemi fyrirtækisins skipt upp þannig að varahlutainnflutningur og varahlutasala er nú undir merkjum Jeppasmiðjunnar. Tyrfingur og Unnur, ekkja Ólafs, reka fyrirtækið saman. „Verkstæðið Ljónsstaðir er hins vegar í eigu fimm af okkar fyrrverandi starfsmönnum og er rekið af þeim. Við erum í miklu og góðu samstarfi við þá en viðgerðarþjónustan er staðsett í sama húsnæði. Við sjáum um varahlutina og þeir um viðgerðir og breytingar.“

**Alltaf nóg af varahlutum á lager** Í varahlutainnflutningnum er mikil áhersla lögð á varahluti í bíla sem eru á Bandaríkjamarkaði. „Þar má nefna Ford, Dodge, Chevrolet, Jeep og svo bandarískar gerðir af Toyota, Mazda, Hyundai, Kia, Subaru o.fl.,“ segir Tyrfingur.

Ávallt er mikið til af varahlutum á lager en Jeppasmiðjan pantar aðra varahluti sem vantar hverju sinni jafnóðum og fær tvær sendingar í viku frá Bandaríkjunum. Einnig er Jeppasmiðjan með olíur, frostlög, rúðuvökva og rafgeyma í margar gerðir bíla.

Heimilisfang fyrirtækisins er Ljónsstaðir, sem eru rétt fyrir utan Selfoss, en í vissum skilningi þjónar fyrirtækið öllu landinu. „Við seljum varahluti til verkstæða og almennings um allt land og héðan fara daglega margir pakkar með póstinum og flutningabílum hvert á land sem er. Auk þess fara sendibílar með vörur frá okkur þrjár ferðir á dag til Reykjavíkur,“ segir Tyrfingur.

**Jeppasmiðjan er til húsa að Ljónsstöðum, skammt fyrir utan Selfoss.** Símanúmer er 480-0120 en nánari upplýsingar eru á vefsíðunni jepp.is. Facebook: Jeppasmiðjan ehf



## Vörur

Eigum á lager úrval varahluta frá eftirfarandi fyrirtækjum og pöntum aðrar sérvörur eftir þörfum. Við sérhæfum okkur í Amerískum bílum

FORD, GM, DODGE, NISSAN, TOYOTA, VOLVO, MERCEDES BENZ, JAGUAR







# Er verið að ljúga að þér?

## 10 leiðir til að koma auga á lygar

**M**arga lesendur hefur eflaust dreymt um að geta lesið hugsanir eða hafa innbyggðan lygamæli, þó svo sömu lesendur vonist efalaust líka til þess að aðrir búi ekki yfir þessum eiginleikum. Lygar eru hluti af lífinu og hafa sumir gert sér starfsferil úr því að reyna að bera kennsl á lygar eða blekkingar. Þá einkum aðilar á sviði löggæslu. Nokkrir fyrrverandi starfsmenn bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, og alríkislögreglunnar, FBI, hafa tekið sig til og gefið út bækur um hvernig bera meg kennsl á lygar, sennilega

vegna þess hversu marga dreymir um að geta það. DV tók saman nokkur ráð sem hafa birst í þeim ritum. Þó er vert að hafa í huga að sérfræðingum ber saman um að það sé engin 100% áreiðanleg leið til að bera kennsl á lygara. Eftirfarandi upptalning er því aðeins í dæmaskyni en ef viðmælandi þinn sýnir mörg af þessum einkennum þá máttu líklega með réttu efast um orð hans. Eins gætir þú, ef þú áformar að ljúga, nýtt þér þennan lista til að vita hvað þú ættir ekki að gera, þó svo við ráðum lesendum að sjálfsögðu frá því.

### 1 Komdu á óvart

Manneskja sem reynir að blekkja þig hefur að líkindum reynt að undirbúa sig fyrir þær spurningar sem þú gætir spurt. Jafnvel gæti lygarinn hafa gengið svo langt að undirbúa svörin fyrirfram. Prófaðu að spyrja viðkomandi óvæntra spurninga og sjáðu hvernig þeim tekst að svara þeim.

### 2 Endurtekna spurningar

Ef viðmælandi þinn endurtekur spurninguna sem þú beindir til hans þá gæti það verið merki um að hann sé að vinna sér tíma á meðan hann semur svarið.

### 3 Hlustaðu meira en þú talar

Þeir sem segja ósátt eiga það til að tala af sér. Það er tilhneiging hjá þeim til að tala meira en þeir sem segja satt í viðleitni til að selja lygina. Þeir gætu líka notað óþarflega nákvæmar atvikaýsingar eða flóknari setningar. Hafðu huga að það hvernig fólk talar getur litast af andlegu ástandi þess. Streita lætur fólk tala hraðar og hærri og með hærri tíðni.

### 4 Ræskingar og hósti

Ef viðmælandi þinn hóstar eftir að hann svarar spurningu þá er ekkert grunsamlegt við það. Hins vegar getur ræsking eða hósti ÁÐUR en spurningu er svarað verið merki um óþægindi, kvíða, og þar með mögulega lygi.

### 5 Hvernig er nei-ið

Ein góð leið til að bera kennsl á lygar er að veita því athygli hvernig viðkomandi segir „nei“. Manneskja sem beitir blekkingum gæti sagt nei og lituð undan, sagt nei en kinkað kolli, sagt mjög langt nei, hikað áður en hún segir nei eða hálf sungið nei-ið.

### 6 Já eða nei spurning

Já eða nei spurningar kalla á já eða nei svör. Þegar fólk getur ekki eða vill ekki svara með já eða nei þá get-

ur það gripið til málalenginga. Eins ef viðkomandi hefur svar við slíkri einfaldri spurningu með „sko“ þá getur það verið merki um að verið sé að gefa svar sem spyrjandi var ekki að búast við.

### 7 Af hverju ætti ég að trúa þér?

Þegar fólk er að segja sannleikann þá á það í engum vandræðum með að svara þessari spurningu með „Vegna þess að ég er að segja satt“. Lygarar eiga aftur á móti erfiðara með slíkt svar og eru líklegri til að svara með setningum á borð við „Því ég er heiðarleg manneskja“, „Þú þarft ekki að trúa mér frekar en þú vilt“, „Ég græði ekkert á því að ljúga“, „Til hvers ætti ég að ljúga?“.

### 8 Biddu um að fá söguna á afturábak

Þeir sem segja satt eiga það til að bæta við smáatriðum og muna fleiri staðreyndir þegar þeir endurtaka sögu sína. Lygarar hins vegar hafa lagt tilbúna sögu á minnið og reyna að halda henni eins. Ef þig grunar að einhver sé að ljúga, biddu þá viðkomandi að rekja atburðarásina í öfugri tímaröð.

### 9 Augnsambandið

Það er útbreiddur misskilningur að lygarar eigi erfiðara með að halda augnsambandi en aðrir. Þvert á móti reyna þeir sem eru að selja lygi oft alveg sérstaklega að viðhalda miklu augnsambandi til að virka sannfærandi.

### 10 Varirnar og hálsinn

Þegar við þrýstum vörum okkar saman þá er það oft merki um að eitthvað neikvætt sé að eiga sér stað. Að snerta á sér hálsinn, sérstaklega miðjuna á viðbeininu, er merki um stress, kvíða eða hræðslu. Manneskjur eiga það til að fela þetta með því að laga á sér bindið eða fíkta í hálsmeni.



EIGUM MARGA  
LITI Á LAGER

## ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR  
ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á  
mt.is og í s: 580 4500





# Svæði 51 og geimverur Hvað er rétt og hvað er

■ Leyndarhjúpur og samsæriskenningar ■ Hvað er eiginlega rétt og hvað er rangt af því sem sagt hefur verið og ritað um svæðið?

## BÍLAMERKINGAR



**Vel merktur bíll er  
ódýrasta auglýsingin**



Sundaborg 1  
104 Reykjavík  
777 2700  
xprent@xprent.is

Nú eru um þrjátíu ár liðin síðan almenningur heyrði í fyrsta sinn um Area 51 í Nevadaeyðimörkinni í Bandaríkjunum. Allar götur síðan hefur svæðið verið hjúpað ákveðnum leyndarhjúp og samsæriskenningar hafa blómstrað enda hafa bandarísk yfirvöld gert sitt besta til að viðhalda leynd yfir þeirri starfsemi sem fer fram á svæðinu. En hvað er eiginlega rétt og hvað er rangt af því sem sagt hefur verið og ritað um svæðið?

Svæðið, sem er í raun herstöð, er algjörlega lokað almenningi og þar er öflug gæsla. Þetta hefur að vonum ýtt undir samsæriskenningar og samsæriskenningsmiðir hafa varpað ýmsu fram um það sem þeir telji gert á svæðinu. Ein vinsælasta og umtalaðasta samsæriskenningin er að risastór rannsóknarstöð sé þar neðanjarðar þar sem bandarísk yfirvöld geymi geimför vitsmunavera frá öðrum plánetum og séu að rannsaka þau og að ekki sé útilokað að þar séu einnig geimverur í haldi. Upp úr þessu hefur myndast ákveðinn poppkúltúr og dulúð tengd meintum heimsóknunum frá öðrum plánetum hingað til jarðarinnar.

Ef fólk hyggst mæta á svæðið til að sjá fljúgandi furðuhluti og jafnvel geimverur er hætt við að það verði fyrir miklum von-

brigðum. Fyrir því eru aðallega tvær ástæður. Sú fyrri er að yfirvöld hleypa fólki ekki nærri svæðinu. Nellis Air Force Base sér um rekstur Area 51 og þar á bæ eru línurnar skýrar að sögn talsmanns herstöðvarinnar.

„Við ráðleggjum fólki að reyna ekki að komast inn á svæði sem nýtur alríkisverndar. Þeir sem brjóta gegn banni við því verða handteknir og afhentir viðeigandi löggæsluyfirvöldum og eiga sektir og saksókn yfir höfði sér.“

Sú síðari er að Area 51 sé bækistöð eftirlitskerfis Bandaríkjanna úr lofti og líklega ekkert annað. Sú starfsemi hófst á sjötta áratugnum þegar nokkrar af mikilvægustu njósnaflugvélum bandaríska hersins voru smíðaðar, prófaðar og að lokum sendar af stað til njósna. Sérfræðingar telja líklegt að svæðið sé enn og verði áfram notað af flughernum og leynipjónustustofnunum til að þróa næstu gerðir njósnaflugvéla og önnur stríðstól.

### Njósnaflugvélar

Ef sú er raunin er að á svæðinu fari fram ýmislegt tengt njósna-starfsemi hersins þarf ekki að undra að leyndarhjúpur hvíli yfir því. Mörgum Bandaríkjamönnum finnst að þeir eigi að fá að vita hvað fer fram á svæðinu og hafa samsæriskenningar og mýtur um





Úr fjarska Hér sést glitta í svæðið.

# urnar – rangt?

starfsemina ýtt undir þetta. Sérfræðingar telja almennt séð að Area 51 sé „fæðingarstaður njósna úr lofti“. Í því samhengi er rétt að hafa í huga að svæðið er risastórt og var afskekkt framan af. Það er um 200 kílómetrum norð-vestan við Las Vegas. Flugherinn segir að svæðið sé stærsta svæði heims á landi og það sem ræður yfir stærstu lofthelginni fyrir starfsemi hers á friðartímum. Svæðið er um það bil á stærð við Connecticut eða um 14.000 ferkílómetrar. Það er ósköp lítið þarna, að minnsta kosti að sjá. Eiginlega ekkert annað en eyðimörk fjarri öllu. Það var gert af ráðnum hug því þegar starfseminni var komið á laggirnar 1954 vildi Dwight Eisenhower, þáverandi forseti, að leynilegur staður yrði fyrir valinu. Tveir starfsmenn leynipjónustunnar CIA voru gerðir út af örkinni til að finna vænlega staðsetningu fyrir rekstur njósnastarfsemi í háloftunum. Þetta þurfti að vera afskekktur staður þar sem hægt væri að gera tilraunir með nýjar njósnaflugvélar sem gætu fylgst með vopnabrölti Sovétmanna, þar á meðal kjarnorkuvopnabrölti þeirra. Leitin tók ekki langan tíma. Þeir fundu stað sem stóð algjörlega undir væntingum forsetans. Uppbornað vatn í miðju Nevadaríki. Svo vel vildi til að þetta svæði var þá þegar notað


til leynilegrar starfsemi en þar var unnið með kjarnorkuvopn. Nánast útilokað var á þeim tíma að fólk reyndi að komast þarna inn, sérstaklega vegna þess að kjarnorkusprengjur voru sprengdar þarna í tilraunaskyni. Ekki leið á löngu þar til verkfræðingar, njósnarar og hermenn voru mættir á svæðið og breyttu því í „fæðingarstað háloftanjósna“. Tvær flugvélar tengjast svæðinu sérstaklega sterkum böndum. Önnur er hin fræga U-2 sem var notuð til að fylgjast með vaxandi mætti Sovétríkjanna á sviði kjarnorku. Sovétmenn sprengdu fyrstu kjarnorkusprengju sína 1949 og byrjuðu þá að hrekja allar óviðkomandi flugvélar úr lofthelgi sinni til að viðhalda leynd yfir verkefninu. Af þeim sökum gátu Bandaríkjamenn ekki fylgst með því sem var að gerast en á þeim tíma réðu þeir ekki yfir gervihnöttum sem var hægt að nota til að ná góðum myndum. Af þessum sökum var byrjað að hanna og smíða U-2 vélina sem gat flogið í 70.000 feta hæð og flogið um 5.000 kílómetra án þess að taka eldsneyti. Vélin varð eitt mikilvægasta njósnatæki bandarískrar hersögu. Sem dæmi má nefna að í júlí 1956 var slíkri vél flogið langt inn yfir Sovétríkin þar sem myndir voru teknar sem sýndu að Sovétmenn höfðu ekki náð eins langt



Hin fræga U-2 flugvél Notuð til að njósna um Sovétríkin.



Afgirt Stranglega bannað er að fara inn á Area 51.



Hávær orðrómur Þættirnir X-Files voru byggðir á samsæriskenn-ingum um Area 51.

á hernaðarsviðinu og þeir vildu vera láta. Þetta veitti Bandaríkjunum vissu fyrir að þau stæðu Sovétríkjunum ekki langt að baki á því sviði. Þann 1. maí 1960 skutu Sovétmenn U-2 njósnavél niður í sovéskri lofthelgi. Flugmaðurinn var handtekinn og Sovétmenn náðu flugvélarbrakinu og neyddist bandaríski herinn til að viðurkenna njósnastarfsemi sína. Í framhaldi af því var SR-71 njósnavélin smíðuð á aðeins 20 mánuðum. Hún gat flogið í 80.000 feta hæð og á allt að 3.400 kílómetra hraða á klukkustund. Sem sagt of hátt og of hratt til að hægt væri að skjóta hana niður. Það var á þessum tíma sem svæðið fékk heitið Area 51. Flugskýlum var fjölgað sem og flugbrautum, íbúðarhúsnæði og annarri aðstöðu enda fór starfsemin vaxandi. En það dró ekki úr mikilvægi þess að halda starfseminni leyndri því kalda stríðið var í algleymingi. CIA kynti undir hugmyndum um að fljúgandi furðuhlutir væru á ferð við Area 51 því það hjálpaði til við að leyna

því sem fór raunverulega fram þar, tilraunir með undarlega út-lítandi flugvélar sem flugu hátt og á ótrúlegum hraða. Leyndin hvílir enn yfir svæðinu og því sem þar fer fram og stjórnvöld gera sitt besta til að viðhalda henni. Til dæmis er leynilegt flugfélag rekið sem flytur farþega til og frá svæðinu nær stanslaust alla daga. Einnig sjá verktakar, sem nefnast Cammo Dudes, um gæslu á svæðinu. Þeir klæðast felubúningum og aka um svæðið í ómerktum hvítum pallbílum og tryggja að óviðkomandi séu ekki þvælast þar.

**Geimverurnar** Miðað við það sem fram kemur hér á undan þarf ekki að undra að Area 51 sé oft tengt við geimverur og fljúgandi furðuhluti. Svæðið er ekki bara dularfullt æfingasvæði hersins heldur einnig svæði sem er notað til njósnastarfsemi og í næsta nágrenni er unnið með kjarnorkuvopn. Það er því eðlilegt að hlutir á borð við dróna, flugvélar, sem sjást ekki í ratsjám,

## Við ráðleggjum fólki að reyna ekki að komast inn á svæði sem nýtur alríkisverndar

vopnatilraunir og heræfingar geti valdið því að fólk telji sig sjá fljúgandi furðuhluti. Allt þetta og meira til fer fram á Area 51. Í frægu viðtali KLAS-útvarpsstöðvarinnar í Las Vegas við Bob Lazar, árið 1989, sagði hann að hugsanlega væru tengsl á milli Area 51 og geimvera. Lazar var „uppljóstrari“ sem hafði starfað á svæðinu og sagðist hafa séð eitt og annað þar sem staðfesti að þar væru fljúgandi furðuhlutir og geimverur. KLAS var fyrsti stóri fjölmiðillinn til að tengja svæðið við geimverur. Í viðtalinu kom fram að Lazar taldi að Area 51 væri eingöngu hannað til að vinna við eitt og annað sem tengdist geimverum og tækni þeirra. Orðrómur um tengsl geimvera og Area 51 hafði verið á sveimi síðan löngu áður en viðtalið við Lazar var tekið eða allt síðan bókin The Roswell Incident eftir Charles Berlitz og William Moore var gefin út 1980. Í henni var farið yfir hrap dularfulls hlutar í Roswell í Nýju-Mexíkó 1947. Á þeim tíma sögðu fjölmiðlar að um „fljúgandi furðuhlut“ hefði verið að ræða. Herinn sagði að um veðurloftbelg hefði verið að ræða. Málið vakti ekki mikla athygli á sínum tíma. Síðar hefur komið fram að Lazar sé talinn hafa logið til um menntun sína en hann sagðist vera með háskólagráður frá MIT og Cal Tech en þar kannast enginn við að hann hafi stundað nám. En hann var yfirvegaður og talaði af öryggi í fyrirnefndu viðtali og kannski má segja að honum hafi tekist að koma ákveðnum hugmyndum inn í huga fólks og þá verður ekki aftur snúið. Frásögn hans kynti undir samsæriskeningum sem hafa þróast með tímanum og náð fótfestu í poppmenningu samtímans. Þar má nefna kvikmyndina Independence Day og sjónvarpsþættina X-Files. ■



# SAKAMÁL



# MYRTUR FYR

■ Lee Ann vildi eiginmann sinn feigan ■ Ástmaður hennar tók að sér verkið ■

Ó hætt er að segja að Bandaríkjamadurinn Alexander Algeri hafi verið óheppinn með eindæmum því hann var myrtur 17. janúar, árið 2001, fyrir mistök.

Þannig var mál með vexti að kona að nafni Lee Ann hafði alltaf verið veik fyrir vöðvabúntum. Hún taldi sig því himin höndum hafa tekið þegar hún kynntist Paul Reidel. Paul átti líkamsræktarstöð og uppfyllti allar þær kröfur sem Lee Ann gerði til karlmannna og þau gengu í hnapphelduna árið 1998, þegar Lee Ann var 31 árs.

#### Lukkunnar velstand um sinn

Vinir Lee Ann virtust ánægðir fyrir hennar hönd, töldu enda að hún og Paul væru nánast sköpuð fyrir hvort annað. Sjálf var Lee Ann ánægð með ráðahaginn,

þrátt fyrir að Paul væri kannski ekki massaður engill í mannsmynd, því hann hafði setið í fangelsi í sex mánuði vegna fíkniefnabrota.

Um skeið gekk allt eins og í sögu hjónakornunum en síðan kom í ljós að einn galli var á gjöf Njarðar; Paul fannst krakk-kókaín helvíti gott, svo gott reyndar að hann neytti þess meira en góðu hófi gegndi – eða þannig.

#### Aðskilnaður og forræðisdeila

Nú, í júlí árið 2000 var Lee Ann nóg boðið, tók barnungan son þeirra hjóna og fór heim til móður sinnar, en hún bjó í Flórída. Sagan segir að Lee Ann hafi ekki aðeins tekið son þeirra með sér heldur 120.000 dali sem strangt tiltekið tilheyrðu Paul, sem varð eftir í New York. Þannig var stað-

an í um hálf t. ár.


Paul sat reyndar ekki með hendur í skauti því hann réð lögfræðing með það fyrir augum á fá forræði yfir syni þeirra. Lögfræðingnum tókst að neyða Lee Ann til að koma til New York með son þeirra og þar skyldu þau vera þar til niðurstaða fengist í forræðisdeiluna.

#### Vitgrannt vöðvabúnt

Nú voru góð ráð dýr og Lee Ann velti fyrir sér þeim kostum sem voru í stöðunni. Þannig var mál með vexti að hún hafði ekki heldur setið með hendur í skauti þann tíma sem hún dvaldi í Flórída.

Þar hafði hún kynnst karli nokkrum, Ralph Salierno, vitgrönnu vöðvabúnti sem sá sér farborða með handrukun. Lee Ann varð ástfangin af Ralph og með þeim tókust góð kynni sem

Fórarlambið Alexander Algeri var rangur maður á réttum stað.



Ég vil að hann verði drepinn

enduðu sem ástarsamband.

Að sögn lögðu Lee Ann, Ralph, móðir Lee Ann og ástkona hennar á ráðin um að „letja“ Paul til aðgerða í forræðisdeilunni og „tuska hann til“ svo hann yrði ekki til vandræða yfirhöfuð.

#### Ill áform

Áform Lee Ann og Ralphs áttu síðan eftir að taka miklum breytingum. Skötu hjúin komust að þeirri niðurstöðu að best væri að fyrirbyggja með öllu að hann væri hangandi yfir þeim til framtíðar lítið og að Lee Ann kæmist yfir fé hans og hluta hans í líkamsræktarstöðinni án þess að standa í sóðalegum skilnaði.

Með þetta í huga hafði Ralph

samband við kunningja sinn Scott Paget sem samþykkti að hjálpa Ralph við að koma Paul fyrir kattarnef. Scott þessi, sem var hvort tveggja forfallið líkamsræktarbuff og fíkniefnaneytandi, fékk 3.000 dali fyrir að keyra Ralph frá Flórída til New York og til baka.

#### Fyrirsát á Long Island

Félagarnir lögðu síðan land undir fót. Í farteskinu höfðu þeir mynd af Paul Reidel sem Lee Ann hafði fengið þeim ásamt leiðbeiningum um hvar hann væri að finna.

Ralph og Scott komu til Long Island 17. janúar 2001, og lögðu bílnum í grennd við líkamsræktarstöð Pauls. Þar sáu þeir mann

ACANA

Orijen  
NOURISH AS NATURE INTENDED

HUNDAFÓÐUR  
ÁN HLÍÐSTAEDU

gæludýr.is

www.gaeludyr.is






# RIR MISTÖK

Ráðabruggið endaði á annan veg en þau ætluðu



Lee Ann Reidel lagði á ráðin ásamt ástmanni sínum.



Ástmaðurinn Ralph Salierno var að sögn vitgrannt vöðvabúnt.



Hjálparhella Scott Paget samþykkti að aðstoða Ralph gegn greiðslu.

„Þar hafði hún kynnst karli nokkrum, Ralph Salierno, vitgrönnu vöðvabúnti sem sá sér farborða með handrukkun.“

sem þeim virtist vera Paul og sannfærðust þeir enn frekar um það þegar þeir sáu að hann gekk að bíl eins og Paul átti, samkvæmt upplýsingum frá Lee Ann.

Ralph lét til skarar skríða og skaut manninn til bana.

## Myrtur fyrir mistök

Víkur nú sögunni aftur að Alexander Algeri, því maðurinn sem lá andvana á götunni var ekki Paul. Þar var um að ræða Alexander, besta vin Pauls og með-eiganda að líkamsræktarstöðinni og þeir vinirnir áttu eins bíl – því miður fyrir Alexander.

Hvort Ralph og Scott voru meðvitaðir um mistökin þegar þeir óku aftur til Flórída liggur ekki fyrir, en þeir hafa án efa komist að því fljótlega að Paul var enn sprellifandi.

Hvað sem því öllu líður þá hafði morðið enga eftirmála fyrir þá fyrr en ári síðar og gott betur.

## Scott handtekinn

Rúmu ári eftir morðið var Scott Paget handtekinn. Þegar hann var yfirheyrður kjaftaði á honum hver tuska og hann upplýsti að Ralph hefði skotið Alexander. Þá

fyrst varð ljóst að Alexander hafði verið myrtur í misgripum fyrir Paul, því Scott sagði lögreglunni alla söguna; frá ástarsambandi Ralphs og Lee Ann og fyrirætlunum þeirra.

Lee Ann og Ralph voru umsvifalaust handtekin og ákærð fyrir morð.

## „Ég vil að hann verði drepinn“

Við réttarhöldin sór Lee Ann og sárt við lagði að hún hefði ekkert haft með morðið að gera og væri alsaklaus. Á meðal vitna ákærvaldsins var eiturlyfjasali að nafni Michael Paglianti og hann sagðist hafa verið viðstaddur þegar Lee Ann lét Ralph fá ljósmyndina af Paul. Michael sagði að Lee Ann hefði þá sagt við Ralph: „Ég vil að hann verði drepinn.“

Tvennum sögum fer af frá-sögnum Lee Ann og Ralphs við réttarhöldin. Annars vegar segir að Ralph hafi aldrei bendlað ástkonu sína við ódæðið og hins vegar að þau hafi reynt að skella skuldinni á hvort annað.

Þegar upp var staðið fengu skötujuin lífstíðardóm og Scott Paget fékk átján ára dóm. ■

ARC-TIC RETRO  
GÆÐA ÚR Á GÓÐU VERÐI

VERÐ FRÁ:

29.900,-

ARC-TIC  
ICELAND

SVISSNESK QUARTZ GANGVERK  
ÍSLENSK HÖNNUN



GILBERT  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 - sími: 551-4100  
www.gilbert.is




# Hetjan í búrinu

■ Tómatar í dós eru hræódýrt hráefni ■ Hægt að nota á óendanlega marga vegu

Niðursoðnir tómatar í dós eru afar ódýrt hráefni en möguleikarnir með þetta einfalda hráefni í eldamennsku eru óendanlega margir. Hægt er að nota tómataana í alls kyns súpur, sósur og ljúffenga rétti, en hér er aðeins brotabrot af þeim uppskriftum sem tómatar í dós gera enn þá betri. Það er því um að gera að eiga alltaf þessa hetju í búrinu því dósamatur geymist heillengi.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



**Polinmæðli** Þetta lasagne tekur sinn tíma en er vel þess virði.

## Tikka Masala á hálf tíma

- 1 msk. kókosolía
- 1 meðalstór laukur, saxaður
- 1 stór hvítlauksgeiri, smátt saxaður
- 1 msk. garam masala-krydd
- 1 tsk. þurrkaður kóríander
- 1 tsk. broddkúmen
- 1 tsk. þurrkað engifer
- 450 g kjúklingur, skorinn í bita
- 1 dós kókosmjólk
- 1 msk. tómátpúrra
- 1 dós maukaðir tómatar
- 1 bolli frosnar baunir
- kóríander
- læmsafi
- salt og pipar eftir smekk

Bræðið kókosolíu í stórri pönnu. Steikið laukinn yfir meðalhita í um 3 mínútur. Bætið hvítlauk saman við og snöggsteikið í 30 sekúndur. Ýtið lauk og hvítlauk í einn enda pönnunnar og setjið óeldaða kjúklinginn í miðjuna. Eldið í 4 til 5 mínútur á einni hlið, snúið og eldið í 4 til 5 mínútur til viðbótar. Bætið kryddi og salti saman við og hrærið öllu vel saman. Eldið í um 1 mínútu. Bætið síðan kókosmjólk, tómötum og tómát-púrru saman við og hrærið. Náið upp suðu, lækkið hitann og látið malla í 10 mínútur. Hrærið baunum saman við og látið malla í 1 til 2 mínútur til viðbótar. Saltið og piprið eftir þörfum og berið fram með kórí-ander og læmsafa.



## Besta lasanja í heimi

- 2 msk. ólífuolía
- 25 g smjör
- 450 g nautahakk
- 1 laukur, saxaður
- 2 hvítlauksgeirar, maukaðir
- 20 konfektátmat-ar, skornir í helm-inga
- 800 g tómatar í dós
- 100 g tómátpúrra
- ½–1 bolli kjúklinga- eða grænmetissoð
- 1½ tsk. ítölsk kryddblanda
- ½ tsk. múskat
- 1 tsk. salt
- ½ tsk. pipar
- ¼ tsk. brodd-kúmen
- 4 msk. fersk steinselja, söxuð
- 12 lasanjablötur
- 450 g kotasæla
- 1 egg
- 300 g rifinn ostur
- ¾ bolli rifinn parmesanostur

Hitið olíu og smjör í stórri pönnu yfir meðalháum hita. Steikið laukinn í um fimm mínútur og bætið hvítlauk saman við. Bætið konfektátömötum út í og látið malla í nokkrar mínútur. Sprengið tómatana með sleif eða spaða. Búið til pláss í miðjunni og steikið hakkið. Kryddið með ítölsku kryddi, múskati, salti, pipar og broddkúmen. Blandið vel saman og bætið tómötum í dós, púrru og soði vel saman við. Blandið 2 matskeiðum af steinselju saman við. Lækkið hitann og látið malla í einn og hálfan tíma. Hrærið reglulega í kjötsósunni. Náið upp suðu í potti með létt-söltuðu vatni og sjóðið lasanjablöturnar í 8 til 10 mínútur. Þerrið þær á smjörpappírsörk. Blandið kotasælu, egg, restinni af steinselju og smá salti saman í skál. Þá er að setja réttinn saman. Hitið ofninn í 190°C. Dreifið 1½ bolla af kjötsósu í botninn á stóru eldföstu móti. Raðið 3–6 lasanjablöt-um ofan á. Dreifið úr helmingnum af kota-sælublöndunni ofan á og síðan 1/3 af rifna ostinum. Hellið 1½ bolla af kjötsósunni ofan á og stráðið ¼ bolla af parmesanosti ofan á. Endurtakið og toppið síðan með restinni af ostinum og parmesanosti. Hyljið með ál-pappír og bakið í 25 mínútur. Takið álpappír-inn af og bakið í aðrar 25 mínútur.

**Flýtleiðin**  
Tikka Masala þarf ekki að taka allan daginn.

**Yljár** Það er fátt betra á köldu kvöldi en heit tómat-súpa.

## Tómat-súpa

- 2 msk. ólífuolía
- 1 laukur, saxaður
- ½ tsk. salt
- ¼ tsk. pipar
- 4 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
- 800 g tómatar í dós
- ½ tsk. sykur
- ½ bolli kjúklinga- eða grænmetissoð
- 15 fersk basilíkulauf, þunnt skorin
- 1/3 bolli rjómi

Hitið olíu í potti og steikið lauk, salt og pipar yfir meðal-hita þar til laukurinn er mjúkur og gagnsær, í um 5 til 7 mínútur. Bætið hvítlauk saman við og steikið í um mínútu. Bætið tómötum, soði og basilíku saman við. Látið malla í um tuttugu mínútur. Takið af hitan-um og látið kólna aðeins. Setjið blönduna síðan í matvinnslu-vél og maukið eða maukið með töfrasprota. Setjið blönduna aftur í pottinn og bætið við rjóma. Hrærið og náið upp hita í súpunni yfir meðalhita. Berið strax fram með basilíku, rjóma og parmesan.



# HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum  
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir  
íbúðir í skammtímaleigu





# Spáð í stjörnuunna

## Lesið í tarot klámstjörnu

# Neikvæðnisraddir tefja fyrir honum

**S**tefan Octavian, klámstjarna og fylgdarsveinn, var borinn þungum sökum í vikunni af ósáttum viðskiptavinum sem höfðu keypt nær-föt af honum í gegnum Snapchat. Stefan þvertók fyrir að hafa svindlað og segir málið hafa valdið honum miklu hugarangri. Því ákvað DV að leggja tarotspil fyrir Stefan og sjá hvað framtíðin ber í skauti sér, en lesendur DV geta sjálfir dregið tarotspil á vef DV.

### Hörundsár

Fyrsta spilið sem kemur upp fyrir Stefan er 9 sverð. Stefan þarf að varast að leyfa hindrunum fortíðar að eyðileggja góðar stundir sem hann er að upplifa núna. Stefan er einnig að reyna að flýja eitthvað sem gerðist í fortíðinni en það má hann alls ekki gera. Hann þarf að taka á honum stóra sínum og takast á við þau vandamál sem blasa við. Stefan á það til að vera mjög hörundsár og taka skoðanir annarra of nærri sér. Það tefur fyrir honum og hann þarf að kljást við kvíða næstu vikur út af þessu. Hann er hins vegar fullkomlega fær um að hreinsa allar hindranir úr vitund sinni og blása á neikvæðnisraddirnar.

### Velferð náungans

Næst er það Keisarinn. Það táknar tækifæri sem Stefan stendur frammi fyrir núna. Hann þarf að kanna möguleika framtíðarinnar gaumgæfilega því nýtt starf er í kortunum hjá hon-

um sem getur gefið af sér alls kyns spennandi möguleika. Þá skal Stefan muna að velferð náungans getur komið honum lengra en hann grunar. Hann skal ekki fyllast öfund vegna velgengni annarra því hún getur verið lykillinn að hans eigin velgengni.

### Góð vinátta

Loks er það Stafagosi. Það spil táknar góðan vin Stefans, líflega manneskju sem færir Stefani skemmtilegar stundir og spennu. Þessi vinátta er byggð á trausti og fram undan eru góðir tímar. Þessi manneskja færir Stefani góðar fréttir innan tíðar og við það fyllist hann orku og metnaði. Verkefni sem er nýtt af nálinni fyllir Stefan eldmóði og ný tækfæri biða hans handan hornsins. Virkilega spennandi tímar þar sem þessi góði vinur kemur sterkur inn. ■



# Ný ást – Svona eiga þau saman

**Á**strós Rut Sigurðardóttir vann huga og hjörta þjóðarinnar ásamt eiginmanni sínum, Bjarka Má Sigvaldassyni heitnum, er þau opnuðu sig um baráttu Bjarka við krabbamein. Bjarki lést á síðasta ári en nú hefur Ástrós fundið ástina á ný í örmum Davíðs Arnar Hjartarsonar. DV ákvað að lesa í stjörnumerkin og sjá hvernig nýja parið á saman.

Ástrós er naut en Davíð er krabbi. Þegar þessi tvö merki fella hugi saman er það yfirleitt ávísun á farsælt ástarsamband. Krabbinn og nautið eiga nefnilega margt sameiginlegt. Þau þrá bæði öryggi í ástarsambandi ofar öllu, eru heimakær og elska fátt meira en kósíkvöld í náttfötunum.

Þegar krabbinn og nautið mætast á rómantískan máta þá eru þau oft parið sem aðrir líta upp til. Sambandið er sterkt og einbeita þau sér bæði að því að halda fjölskyldunni saman og hamingjusamri. Nautið þarf hins vegar að skilja að krabbinn er mjög viðkvæmur á tilfinningasviðinu og krabbinn þarf að vera skýr í samskiptum sínum við nautið. Krabbinn á það til að byrgja tilfinningar inni og því laðast hann að opinskáa nautinu.

Bæði krabbinn og nautið kjósa fremur að eyða tíma sínum með maka en í margmennni. Því ná þau að skapa góðan og traustan grunn sem þau geta



byggt á um ókomna tíð. Framtíðin er svo sannarlega björt í þessu sambandi.

**Davíð**  
Fæddur: 16. júlí 1986  
**Krabbi**  
■ frjó hugsun  
■ tilfinningaríkur  
■ heiðarlegur  
■ geðfelldur  
■ svartsýnn  
■ óöruggur

**Ástrós**  
Fædd: 18. maí 1988  
**Naut**  
■ áreiðanleg  
■ þolinmód  
■ trygglynd  
■ ábyrg  
■ þrjósk  
■ ósamvinnuþýð

# Afmælisbörn vikunnar

- **16. mars** Páll Óskar Hjalmtýsson tónlistarmaður, 50 ára
- **17. mars** Guðrún Eva Mínervudóttir rithöfundur, 44 ára
- **18. mars** Kogga listakona, 68 ára
- **18. mars** Heimir Karlsson útvarpsmaður, 59 ára
- **19. mars** Björgólfur Thor Björgólfsson kaupsyslumaður, 53 ára
- **20. mars** Gísli Rúnar Jónsson leikari, 67 ára
- **21. mars** Atli Þór Fanndal blaðamaður, 37 ára

# Stjörnuspá vikunnar

## Gildir 15. – 21. mars



**Hrútur** - 21. mars–19. apríl

Þú fyllist miklum eldmóði, sérstaklega varðandi allt er varðar hollustu og heilbrigði. Þú finnur þörf fyrir að hreyfa þig og það lætur þér líða afskaplega vel. Þú ert samt ekki hrifin/n af hefðbundnum líkamsræktarstöðvum en finnur tíma á óvæntum stað sem á eftir að fylla þig lífshamingju.



**Vog** - 23. sept.–22. október

Þú þarft að eyða næstu viku eða tveimur í að sleppa tökunum á ákveðnu verkefni eða vandamáli og fyrirgefa. Þú átt yfirleitt auðvelt með að fyrirgefa og halda áfram, en í þetta sinn reynist þér það erfitt, einhverra hluta vegna. Gamall vinur kemur aftur inn í líf þitt og þarf hjálp. Hins vegar er þessi vinur ekki allur þar sem hann er séður.



**Naut** - 20. apríl–20. maí

Undanfarna mánuði hefur þér fundist eins og enginn hafi tekið eftir þér og að þú sért eiginlega ósýnileg/ur. Í þessari viku hins vegar kemstu að því að fólk hefur vissulega tekið eftir því góða starfi sem þú hefur unnið og þú uppskerð laun erfiðis þíns. Virkilega spennandi tækifæri verður á vegi þínum.



**Sporðdreki** - 23. október–21. nóvember

Þú átt stundum erfitt með að brjóta odd af oflæti þínu en í þessari viku verður þú að taka á honum stóra þínum. Þú kyngir stoltinu þegar þú biður um hjálp frá reynsluminna fólki en þér og það pirrar þig að þetta fólk hafi rétt fyrir sér. Þú lærir mikilvæga lexíu um samvinnu sem þú mátt ekki gleyma.



**Tvíburi** - 21. maí–21. júní

Líf þitt hefur einkennst af ringulreið undanfarid og þér finnst þú stundum vera að missa tök á lífinu. Nú færst hins vegar ró yfir allt og þú sættir þig fyllilega við þitt hlutskipti í lífinu. Hlutir fara eins og þeir fara og maður getur ekki breytt öðrum en sjálfum sér. Þetta skaltu hafa hugfast til að forðast frekari örvilnan.



**Bogmaður** - 22. nóvember–21. desember

Það er allt á fullu spani hjá þér þessa dagana, kæri bogmaður. Þú sérd atvinnu-tækifæri sem heillar þig og þú stekkur ekki aðeins á það heldur trampar á því af öllum þínum mætti. Þú ert tilbúin/n að byrja upp á nýtt á þínum ferli, fara í allt aðra átt og það eru virkilega skemmtilegir tímar fram undan.



**Krabbi** - 22. júní–22. júlí

Þú tekur til hendinni og endurskipuleggur þig frá A til Ö. Þú færð endanlega leiða á öllu ruslinu í kringum þig og ákveður að taka til í kringum þig. Hins vegar felst þessi endurskipulagning og tiltekt einnig í því að kafa ofan í sjálfid þar sem þú verður að meta hvað sé nauðsynlegt fyrir þig til að lifa sómasamlegu lífi.



**Steingeit** - 22. desember–19. janúar

Þú ferð aðeins út úr boxinu og stingur upp á hugmynd sem fólkið í kringum þig kveikir ekki alveg strax á. Gefðu því tíma – það fattar þetta á endanum. Svo er það blessað fjölskyldulífið þar sem aldrei ríkir lognmolla. Þú nærð að vera höfuð fjölskyldunnar, heldur ávallt ró þinni, en núna fer þessi ringulreið verulega í taugarnar á þér.



**Ljón** - 23. júlí–22. ágúst

Síðustu vikur hafa verið þér erfiðar og það hefur mikið mætt á þér. Svo mikið að þú hefur ekki getað eynamerkt tíma til að rækta þig sjálfa/n eða leyst vandamál sem hvíla þungt á þér. Nú er þungu fargi af þér létt og þú dembir þér í mikla sjálfsvinnu til að ákveða hvert þú ætlar að fara með lífið og núverandi samband sem þú ert í.



**Vatnsberi** - 20. janúar–18. febrúar

Þú hefur enga þolinmæði fyrir innan-tómum orðum og innihaldslausum samræðum. Tími þinn er afar dýrmætur og þú einbeitis þér að því að koma hlutum í verk, ekki bara blaðra og þvaðra. Þú afkastar miklu um þessar mundir og verðlaunar þig með því að skipuleggja algjöra draumaferð.



**Meyja** - 23. ágúst–22. sept.

Þú hefur verið að læðast með veggjum og látið lítið fyrir þér fara, sem er svo sem ekki mjög ólíkt þér. Þú nýtur einverunnar og hefur þurft að spá í aðeins of mörg praktísk atriði. Nú er hins vegar komið að þér að sletta úr klaufunum og þú ferð á óviðjafnanlegan viðburð sem opnar nýjan heim.



**Fiskur** - 19. febrúar–20. mars

Þú hittir manneskju sem tengist vinnunni og þið náid samstundis saman. Þið byrjið strax að plana einhvers konar atvinnutækifæri, sem er afar spennandi þótt það gefi ekki mikið í aðra hönd. Nú er tími fyrir þig að skína og þú verður að fylgja eigin sannfæringu í þessu verkefni. Peningar eru ekki allt, mundu það.





# Deit.is sérsniðin stefnumótasiða fyrir þá sem langar á alvöru **deit**

**E**r einhver að leita að þér? Ertu að leita að nýju ævintýri? Langar þig að kynnst einhverjum nýjum eða nýrri?

**Deit er fyrir alla 18 ára og eldri.** Deit.is er ný og spennandi stefnumótasiða, sem fór í loftið rétt upp úr áramótum. Frá opnun síðunnar hefur mikill fjöldi fólks á breiðu aldursbili nú þegar skráð sig í áskrift og stöðugt bætist í hópinn. Þetta er fólk á aldrinum 18–82 ára með fjölbreytt áhugamál og því eru yfirgnæfandi líkur á því að þú finnst einhvern sem þér líkar við.

Stefnumótamening nútímans er snúin og erfitt getur verið að finna sér maka eða nýja vini. Það nenna ekki allir á pöbbinn og dansleikir heyra sögunni til. Í dag fer leit að lífsförunaut að stórum hluta fram í gegnum stefnumótasiður.

## Öflug leitarvél

Deit.is er traust og örugg stefnumótasiða fyrir alla sem vilja kynnst nýju fólki og er vefsíðan sniðin að þeim sem er alvara með að finna lífsförunaut. Deit.is býður notendum upp á fullkomið leitarkerfi þar sem hægt er að leita eftir aldri, kyni, kynhneigð, persónuleika, búsetu, áhugamálum, hæð, þyngd, líkamsbyggingu, reykingavenjum, áfengisvenjum, menntun, stjörnumerkjum og mörgu fleira.

## Viltu að aðrir taki eftir þér?

Það er hægt að vera eins sýnilegur eða ósýnilegur á deit.is og manni sýnist. Kerfið getur stillt þannig að þú sért með lokaðan prófil og hafir frumkvæði að leitinni. Þá getur þú skoðað prófil annarra án þess að þeir fái tilkynningar um það. En að sjálfsögðu ráða lögmál

markaðsfræðinnar á deit.is eins og annars staðar. Við mælum því með því að notendur setji inn leitaraskilyrði og séu með minnst eina góða ljósmynd af sér. Þú einfaldlega setur inn þær upplýsingar sem þér hentar á þinn eigin prófil svo að aðrir notendur finni þig. Leitarkerfið gerir sitt besta við að tengja þig við þá sem eru að leita að þér.

## Prófill notenda

Á deit.is geturðu skoðað prófíla annarra og séð hversu vel hver og einn notandi passar við þig. Þú getur valið að fá tilkynningar um leið og; einhver sýnir þér áhuga, einhver skoðar prófílinn þinn, þegar áhugi er gagnkvæmur og þegar einhver sendir þér skilaboð. Stefnumótasiðan sendir að auki vikulega sérvalda prófíla frá allt að tíu einstaklingum sem passa

best við það sem þú ert að leita að þá stundina. Á deit.is getur þú valið þá notendur sem þér finnst koma til greina og ef áhuginn er gagnkvæmur er mögulegt að stofna til samskipta. Hægt er að spjalla við einstaklinga á þrjá vegu; í textaspjalli, í síma- eða tölvuspjalli eða í vídeospjalli.

## Mánaðaráskrift

Það hefur aldrei verið jafn einfalt, þægilegt, skemmtilegt og árangursríkt að finna sér sálufélaga. Skráðu þig á deit.is strax í dag. Áskrift kostar ekki nema 999 kr. mánaðarlega og er hægt að segja upp áskriftinni hvenær sem er.

**Skráðu þig á deit.is og finndu réttu manneskjuna!**

Nánari upplýsingar má nálgast á [deit.is](https://deit.is)



## Komdu á deit


Deit.is er ný og spennandi stefnumótasiða fyrir þá sem vilja spjalla eða fara á deit. Þú færð aðgang að fullkomnu og nákvæmu leitarkerfi til að finna réttu persónuna. Þú getur leitað á marga vegu. t.d. eftir kyni, aldri, búsetu, áhugamálum, persónuleika og mörgu öðru. Traust og örugg stefnumótasiða fyrir alla sem vilja kynnst nýju fólki.

Deit.is er fyrir 18 ára og eldri.

[deit.is](https://deit.is)



# Helgarkrosssgátan



krossgátugerð:  
Bjarni sími:  
845.2510

bolli

smyrja

nef

angar

næringin  
happi

bágan

mann

skáld

spotta

Teikning:  
Skuli  
eftirprentun  
bönnuð

↓

ákafan

8

þramm

blauta

þjóð

líkamshluti

ratinn

lævisar

eril

hoppa

svarf

spurð

áttund  
innantóm

1

fugl  
metast

mjakar

slæm

magnaði  
brot

↓

7

erfð  
hnappur

starfið  
skott

↑

málmur  
pena

veifan  
þurr

2

príl

ískur

3

karldýrin

snápinu  
grunur

ílát

elju  
siglir

stöðugt

kona  
urgur

úræði

stefna

samtök

vitund  
hreinu

4

fuglarnir  
vaggar

frá  
tvíhljóði

ýrir

deig

6

nærð

fanga  
tré

5

saggi

rista

kvendýr

dreng-  
skapur

vekja

kvendýrið

|   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|

# Sudoku

## Auðveld

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   | 3 | 2 | 1 | 5 |   |   |   |   |
|   |   | 5 |   |   |   | 2 |   | 8 |
| 1 | 9 |   | 2 |   | 4 | 7 |   | 3 |
| 2 | 5 | 7 |   | 3 |   | 6 | 4 |   |
| 9 | 8 |   |   | 7 | 2 |   |   | 1 |
| 6 |   |   |   |   | 9 | 8 | 2 | 7 |
| 3 | 7 | 8 |   |   |   | 9 |   |   |
| 4 |   |   |   | 6 |   |   | 8 |   |
|   |   | 1 |   |   |   | 3 |   |   |

## Erfið

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   |   | 8 | 6 | 2 | 7 |   |   | 9 |
|   |   |   | 5 |   |   |   |   |   |
|   | 3 |   |   | 9 |   |   |   |   |
|   |   | 6 | 9 |   |   | 3 |   | 2 |
|   |   |   |   |   |   | 9 | 5 |   |
| 1 |   |   | 8 |   |   |   |   |   |
|   |   |   |   | 5 | 2 |   | 6 | 3 |
| 4 |   |   |   | 8 |   |   |   |   |
|   |   |   | 3 |   |   | 2 | 4 |   |

# Verðlaunagáta

Helgarkrosssgátan inniheldur lausnarorð.  
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið **krossgata@dv.is**



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...  
**Hallfríður Frímansdóttir**  
**Sólheimum 14**  
**104 Reykjavík**  
Lausnarorðið var **PERLUSKEL**  
**Hallfríður hlýtur að launum**  
**bókina Peysubókin**

Vinningsbók er hægt að nálgast á  
skrifstofu DV að Suðurlandsbraut 14,  
108 Reykjavík



**Í verðlaun fyrir gátu helgar-  
blaðsins er bókin Konan sem hvarf**

Louise býr með rithöfundinum Joachim í litlu þorpi á eyjunni Christiansø. Dag nokkurn kemur ókunnur maður inn á kaffihúsið sem hún rekur og segist vera eiginmaður hennar. Hún heiti Helene, sé tveggja barna móðir og hafi horfið fyrir þremur árum. Þetta setur allt úr skorðum hjá Louise og Joachim og fljótlega kemur í ljós að í fortíð hennar eru ýmsar undarlegar ráðgátur. Þau sökkva sér hvort fyrir sig í leyndarmál fortíðarinnar þar sem er að finna svik, taumlausa græðgi – og morð. Konan sem hvarf er spennuþrungin saga um svívirðilega glæpi og djúpa ást þar sem fátt er eins og það lítur út fyrir að vera.



# UPP MEÐ SOKKANA!



Krabbameinsfélagið

Kauptu sokka á mottumars.is og á sölustöðum  
um land allt. Þinn stuðningur skiptir öllu máli.

**MOTTUMARS**







|   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Q | O | T | R | U | U | N | N | J | Z | D | T | F | N | I | N | B | D | R | L | X | O | B | Y |   |
| Z | C | L | I | U | C | Y | C | X | P | E | I | I | U | G | D | Á | T | Q | I | Ó | G | X | B | S |
| D | A | K | E | F | R | R | S | V | I | E | D | K | A | G | H | T | D | Q | B | Y | S | W | U | R |
| W | A | V | L | Ú | I | F | P | T | H | R | K | L | E | U | S | A | M | V | E | R | A | I | P | T |
| W | Z | U | A | D | Q | H | U | Í | I | Ö | É | G | G | R | U | F | Z | Y | C | L | F | U | R | G |
| B | H | A | K | L | E | T | S | L | L | F | F | A | R | G | T | M | A | S | J | G | N | F | I | C |
| H | J | O | A | I | D | Ó | D | H | U | Z | M | A | P | Q | F | A | N | X | O | L | S | O | H | X |
| R | T | W | M | D | K | I | L | L | E | Á | A | G | S | P | H | E | L | G | A | R | F | E | R | D |
| D | D | Q | J | R | Q | I | Á | N | L | C | N | R | D | P | G | L | C | J | H | C | B | E | I | V |
| V | C | E | N | U | T | S | J | C | X | P | R | N | Q | R | Y | O | E | C | Ó | Q | D | Z | K | F |
| Y | Z | H | K | T | J | K | J | F | V | I | Y | A | H | O | R | R | A | I | T | S | A | A | A | P |
| I | B | L | C | Q | Q | J | O | P | Z | Y | I | L | H | J | Z | Q | M | U | K | Y | G | I | T | D |
| Z | R | I | T | H | F | K | T | W | D | T | E | C | A | G | Y | N | Y | L | B | H | M | L | A | F |
| J | R | T | B | A | O | V | U | H | S | V | G | G | B | A | H | I | R | M | A | N | Ú | F | M | P |
| S | I | F | I | J | N | T | K | Á | A | F | R | Q | K | E | T | X | J | I | A | Z | X | S | M | N |
| K | J | E | Q | W | O | C | O | C | B | C | H | C | W | W | Y | O | L | I | N | B | X | N | A | I |
| E | Q | W | J | O | H | A | R | Ó | M | A | N | T | Í | K | T | A | N | G | Ó | I | Z | S | B | E |
| M | W | H | X | G | Q | S | N | W | P | P | W | B | R | X | Q | A | B | U | T | J | V | I | O | D |
| Q | Q | K | N | U | K | X | Y | G | D | J | V | Y | L | U | Y | U | K | P | J | C | F | G | L | W |
| W | M | O | N | I | E | O | P | W | I | Y | D | P | L | W | V | J | X | S | X | R | U | T | T | F |

|            |           |            |             |          |
|------------|-----------|------------|-------------|----------|
| BROS       | KERTALJÓS | RÓMANTÍK   | TANGÓ       | ÁHUGAMÁL |
| DEIT       | KÓSÍHEIT  | RÓSIR      | TILHLÖKKUN  | ÁST      |
| FIDRILDI   | LEIKHÚS   | SAMVERA    | TURDILDÚFUR |          |
| HELGARFERD | MAKALEIT  | SÁLUFÉLAGI | VINIR       |          |

Komdu á deit

Ný og spennandi stefnumótasíða

Fullkomið leitarkerfi finnur réttu persónuna fyrir þig. Þú getur leitað á marga vegu. t.d. eftir kyni, aldri, búsetu, áhugamálum, persónuleika og mörgu öðru. Deit.is er fyrir 18 ára og eldri.



# Led húsnúmer

Falleg húsnúmer í öllum stærðum og gerðum

- Sérsmíðum númer á öll hús og fjölbýli



- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar: ledhúsnúmer

Einnig hægt að hringa í sími 775 6080



Led húsnúmerinn er einnig hægt að skoða og versla hjá Skómeistararum í Smáralind



**Endurkoma  
nördanna**  
Lagið Think  
About Things  
hefur tröllríðið  
Evrópu.



# Við vinnum þetta fyrirfram ...

■ **Daða Frey og Gagnamagninu er víða spáð sigri í Eurovision**  
■ **Rándýrt að halda keppnina en mörg störf skapast**

Lilja Katrín Gunnarsdóttir  
lilja@dv.is



**F**ramlagi Íslands í Eurovision er spáð afar góðu gengi í keppninni og í sumum veðbönkum er lagi Daða Freys og Gagnamagnsins, Think About Things, spáð sigri. Ef björtustu spár rætast verður það í fyrsta sinn sem Ísland vinnur Eurovision síðan að ICY-gengið þreytti frumraun okkar í keppninni árið 1986 með Gleðibankann margfræga. Ef Ísland vinnur býðst Ríkissjónvarpinu að halda keppnina að ári. Yfirleitt þiggur sigurbjóðin það boð, með örfáum undantekningum. Vorboðinn ljúfi er klárlega sú trú Íslendinga að við vinnum Eurovision en núna er virkilegur möguleiki á því, í fyrsta sinn í rúman áratug.

## Eurovision-hagkerfið

Með sigri í Eurovision fylgir ekki aðeins ólýsanleg sæluvíma og geðshræring heldur fylgir Eurovision-hagkerfið með í kaupbæti. Þetta hagkerfi ferðast frá sigurlandi til sigurlands og sviður mörgum sá mikli kostnaður sem fylgir keppninni. Hins vegar hefur þetta hagkerfi marga góða kosti í för með sér.

Íslendingar hafa mátt þola miklar sveiflur í ferðabransanum undanfarið og koma margar breytur inn í þá jöfnu. Oftroðningur landsvæðis, fall WOW Air, kórónaveiran, hátt verðlag og þannig mætti lengi telja. Samdráttur í ferðabjónustu hefur gerst hratt, nánast augnabliki eftir að hér var metfjöldi ferðamanna ár eftir ár. Eurovision hefur einmitt reynst frábært tækifæri fyrir þjóðir til að markaðssetja lönd sín sem ferðamannastaði, enda horfa mörg hundruð milljónir manns á keppnina ár hvert. Eitt besta dæmi um það er Bakú í Aserbaídsjan þar sem Eurovision-keppnin var haldin árið 2012. Sextíu milljónum evra var eytt í Eurovision þar í landi,

en þessi mikli kostnaður skýrist af því að heil höll, Kristalshöllin, var byggð sérstaklega fyrir keppnina. Þessi höll varð uppspretta hneykslismáls þegar upp komst að fjöldi fjölskyldna hefði verið rekinn af svæðinu á ólöglegan hátt svo höllin gæti risið. Þegar kom að Eurovision var það hins vegar gleymt og grafið og þúsundir gesta flyktust til Bakú með þeim afleiðingum að um fimm hundruð störf sköpuðust með byggingu hallarinnar.

Svíar virðast hafa náð að halda mestu jafnvægi á milli útlagðs kostnaðar í Eurovision síðustu ár og þess sem kemur aftur inn í ríkiskassann. Í Malmö árið 2013 eyddu Svíar fimmtán milljónum evra í keppnina en fengu um fjórtán aftur í gegnum ferðamenn, en alls sóttu um 32 þúsund ferðamenn borgina heim meðan á Eurovision stóð.

## Atvinnuskapandi

Ljóst er að fjölmörg störf skapast í kringum Eurovision, en undirbúningur fyrir næstu keppni hefst í raun um leið og þeirri fyrri líkur. Ef lítið er á keppnir síðustu ára hafa skapast um 150–500 störf við keppnina sjálfa ár hvert. Þá eru ekki talin með öll afleidd störf sem skapast vegna aukins fjölda ferðamanna og öflugari markaðssetningu á landi og þjóð. Síðustu ár hefur fjöldi ferðamanna sem hefur lagt leið sína í Eurovision-gleðina verið á bilinu þrjátíu til fjörtíu þúsund. Þannig að það þarf ekki að efast um jákvæð skammtímaáhrif þess að halda keppnina. Hins vegar hefur reynst erfiðara að meta langtímaáhrif þess.

Líklegt er að keppnin yrði haldin í Kórnum í Kópavogi, sem er brunahannaður fyrir nítján þúsund manns, ef við Íslendingar fáum loks bænum okkar svarað á stóra sviðinu í Rotterdam um miðjan maí. Í ljósi þeirra fjölmörgu jákvæðu kosta sem Eurovision-hagkerfið hefur í för með sér myndi það vera kærkomin gjöf í skugga verkfalla, atvinnuleysis og samdráttar.

Innan seilingar Tekst þetta loksins í ár?



## Eurovision 2019 í tölum

**250** vörubílar af búnaði  
**232** hljóðnemar  
**225** starfsmenn í hátíðarhöllinni  
**150** hátalarar  
**48** eldingar á sviði  
**23** myndavélar  
**21** dagar í uppsetningu á sviði  
**11** kílómetrar af köplum  
**8** konfettisprengjur  
**3** dagar til að taka svið niður  
**2** vindvélar

## Kostnaður við Eurovision síðustu ár

**2020** – Rotterdam: Áætlaður kostnaður 26,5 m. evra – 3.850.000.000 kr.  
**2019** – Tel Aviv: 29 m. evra – 4.200.000.000 kr.  
**2018** – Lissabon: 23 m. evra – 3.340.000.000 kr.  
**2017** – Kænugarður: 30 m. evra – 4.360.000.000 kr.  
**2016** – Stokkhólmur: 14 m. evra – 2.000.000.000 kr.  
**2015** – Vín: 35 m. evra – 5.090.000.000 kr.  
**2014** – Kaupmannahöfn: 45 m. evra – 6.500.000.000 kr.  
**2013** – Malmö: 15 m. evra – 2.180.000.000 kr.  
**2012** – Bakú: 60 m. evra – 8.700.000.000 kr.





www.one.is · one@one.is  
sími: 660 8551 · fax: 588 1057



# Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

## One RECORDS Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

## One QUALITY



MoReq2

Þróunarstefna OneSystems styður MoReq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

## One PORTAL Self-Service



OnePortal er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitarfélögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænar innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa eða viðskiptavinum, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkum máta með innsendingu umsókna og erinda á vef.

Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.



# Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavinum og íbúa þeirra

One SYSTEMS  
www.one.is



## YFIRHEYRSLAN

## Ævisaga sjálfhverfrar Dragdrottningar

Dragdívan **Gógó Starr** segist óstöðvandi þegar hún stígur á svið en hún skemmtir á veitingastaðnum Fjallkonunni hvern þriðjudag ásamt því að troða upp í dragsýningum á skemmtistaðnum Kíki og sinna veislustjórn. Gógó Starr er í yfirheyrslu helgarinnar.

**Hvar líður þér best?**

Á sviðinu að baða mig í sviðsljósi. Þar kemur eitthvað yfir mig og ég fyllist sjálfstrausti og skemmtikrafti. Á sviðinu er ég einfaldlega óstöðvandi.

**Hvað óttastu mest?**

Það er ekki marga sem mér dettur í hug sem ég óttast eitthvað sérstaklega. Kannski er ákveðinn ótti að vera „cancelled“ á samfélagsmiðlum – en ég held að það sé einhver „constant“ frumótti við að detta á hælum og brjóta á mér hálsinn.

**Hvert er mesta afrek þitt?**

Ég hef gert marga sem ég er mjög stolt af; unnið Dragkeppni Íslands, komið á fót mánaðarlegu dragsýningunum Drag-Súgur, verið drifkraftur bak við endurlífgun dragsenu Íslands, túrað um Bandaríkin og Evrópu til að koma fram í dragi og skemmta nýjum áhorfendum. En ég held að mitt helsta afrek sé að vera skrúðgöngu-fjallkona Reykjavíkurborgar 2018. Það er eitt af því sem ég er mest stolt af og setti drag á stærra sjónarsvið.

**Furðulegasta starf sem þú hefur tekið að þér?**

Áður en ég varð dragdrottning að atvinnu þá vann ég við alls konar mismunandi hluti, þar af var örugglega það furðulegasta þegar ég vann heilt sumar á lyftara á vörubretti. Getan er með vinnuvélaréttindi, sko! Það starf, að taka niður vörubretti 24/7 var ekki nálægt því að vera nógu „fabjúlöss“ fyrir mig.

**Hver væri titillinn á ævisögu þinni?**

Eitthvað drag- eða stjörnu orðagrín; Dragbók, Dragfari, Stjörnuljós, Dragatal, Dragmóðir ... og endar svo á einhverju dramatísku en fyndnu og furðulegu eins og „Ævisaga sjálfhverfrar Dragdrottningar“, svo fólk viti að þetta sé ég.

**Hvernig væri bjórinn Gógó Starr?**

Ég drekk ekki bjór, svo ég veit ekki hvernig sá bjór væri – en þegar það verður til Gógó Starr kokteill, þá mun hann klárlega vera frekar sætur, mjög „complex“ og miklu áfengari en þú heldur.

**Besta ráð sem þú hefur fengið?**

„Fake it ‘til you make it“ – og haltu svo áfram að feika! Láttu bara eins og þú vitir hvað þú ert að gera, settu smá sjálfstraust í allt sem þú ert að gera og þú verður óstöðvandi.

**Hvert er leiðinlegasta húsverkið?**

Það er tæpt á milli þess að vaska upp eða para saman ósamstæða svarta sokka eftir þvott. Ég hef bara engan tíma í sólarhringnum fyrir þannig vesen.

**Besta bíómynd allra tíma?**

Það eru tvær bíómyndir sem ég dýrka meira en allt annað – og þær eru The Incredibles og Who framed Roger Rabbit. Ég get ekki valið á milli – þær eru

þáðar svo skemmtilegar og gáfu mér innblástur til að fara að læra teiknimyndagerð, sem þróaðist út í tölvuleikjagerð, svo að sjálfsögðu er ég „full-time“ dragdrottning í dag. En ef við viljum fá einhverja leikna bíómynd þá verð ég að segja að Parasite er ein besta mynd sem ég hef séð. Hvílík snilld!

**Hvaða hæfileika myndir þú vilja búa yfir?**

Ég væri svo til í að hafa hæfileikann til að segja „nei“ þegar ég vil. Það kemur mér alltaf á óvart hvað ég er mikill „people-pleaser“ og oft á minn kostnað. Mig langar að geta fókusað betur á mig og vera óhræddur við að segja nei við annað fólk þegar það á við.

**Hver er mesta áhætta sem þú hefur tekið?**

Að hætta í vel borgaðri vinnu við eitthvað sem ég hafði lært fyrir og var góður í, til að eltast við drag sem atvinnu. Það var án efa mesta áhætta sem ég hafði tekið; að stökkva fram af með ekkert öryggi. En hér er ég í dag búin að vera „full-time“ dragdrottning í að verða þríú ár og sé ekki eftir neinu.

**Hvaða frasi eða orð fer mest í taugarnar á þér?**

Þegar ég segi „þú veist“ í öðru hverju orði. Það er ópolandi. Nei, þau vita ekki, af því að þú ert að segja þeim eitthvað – haltu bara áfram að tala – gahh!

**Hvað geturðu sjaldnast staðist eða ert góður í að réttlæta að veita þér?**

Nammi. Bara flestallt nammi og snarl. Og ís! Mjög mikið af ís! Í hreinskilni sagt skil ég ekki hvernig ég er svona í laginu.

**Hvað er á döfinni hjá þér?**

Það er alltaf eitthvað í gangi í dragheimum, ég er með Gógó Starr Game Night á Fjallkonunni á hverjum þriðjudegi, Hlaðvarpið Ráðlagður Dragskammtur sem fer í loftið á hverjum fimmtudegi klukkan 2 á 101 Live, Spotify og Apple-podcasts, og svo er að sjálfsögðu Drag-Súgur á Gauknum í hverjum mánuði. Það eru Búkalú-sýningar, drag-„show“ á Kíki, veislustjórn og atriði á árshátíðum, skemmtanir í einkapartíum og hvaðeina. Það eru alltaf fleiri sýningar og viðburðir sem poppa upp svo endilega fylgist með á Facebook, Instagram eða fáir smá dragskemmtun beint í æð á TikTok.







# dk Pos afgreiðslukerfi fyrir verslun og þjónustu

Afgreiðslu- og sjálfsafgreiðslukerfi

Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu. Við erum sérfræðingar í afgreiðslukerfum.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi  
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri  
510 5800 | [dk@dk.is](mailto:dk@dk.is) | [www.dk.is](http://www.dk.is)  
**dk hugbúnaður 20 ára | 1998-2018**







## Lítt þekkt ættartengsl

## Landlæknir og ráðherra

Mikið hefur mætt á Ölmú Dagbjörtu Möller landlækni síðustu daga í COVID-19 storminum. Alma var skipuð landlæknir árið 2018 og varð þar með fyrsta konan til að gegna embættinu. Alma er yngst af sex börnum Jóhanns G. Möller heitins, verkalyðsleiðtoga og bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins á Siglufirði, og Helenu Sigtryggsdóttur. Einn af eldri bræðrum Ölmú er Kristján L. Möller, fyrrverandi alþingismaður fyrir Samfylkinguna sem og fyrrverandi samgönguráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.



## Snertiflötum gesta fækkað í kvikmyndahúsum

Ákveðið hefur verið að selja aðeins í annað hvert sæti í Smárabíói og Háskólabíói, sjálfvirkni verður aukin og snertiflötum gesta fækkað. Þessar aðgerðir verða að fullu komnar til framkvæmda frá og með næsta mánudegi, en þegar hefur verið gripið til ýmissa aðgerða vegna stöðunnar og tillit tekið til ráðlegginga yfirvalda og sóttvarnarlæknis. Nú hefur verið ákveðið að taka næsta skref. Nú verður selt í annað hvert sæti í öllum almennum bíósölum til að hver gestur fái aukið rými, en þeir sem koma saman, til að mynda pör, vinir og fjölskyldur, geta svo fært sig saman, en á sama tíma haft nóg pláss á milli sín og næsta hóps.



# Óbreytt fyrirkomulag á Stockfish

Kvikmyndahátíðin Stockfish hefur engin áform um að fresta neinni samkomu, en hátíðin var opnuð við mikinn fögnuð í gær, fimmtudag, og stendur til 22. mars. Þrátt fyrir að Almannavarnir hafi lýst yfir neyðarstigi og mörgum mannamótum hafi þegar aflýst mun dagskráin halda sinni göngu þótt smávægilegar raskanir hafi orðið á skipulagi hátíðarinnar. Leikarinn Udo Kier mun til að mynda ekki láta sjá sig eins og áætlað var, hann er orðinn 75 ára og var ráðlagt að halda kyrru fyrir. Aðstandendur hátíðarinnar hafa þó biðlað til hátíðargesta að forðast handaband, faðmlög og fleira þess eðlis. Jafnframt eru viðkomandi beðnir um að halda sig heima finni þeir fyrir smávægilegum veikindum.



## HEIMSENDING SEM HENTAR ALLTAF VEL

HEIMSENDINGIN ER INNIFALIN

| SPARITILBOÐ A                                                                                                                                      | SPARITILBOÐ B                                                                                                                                           | PÖNNUTILBOÐ 1                                                                                                                                      |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>→ Stór pizza af matseðli</li> <li>→ 2 lítra gos</li> <li>→ Stór skammtur af brauðstöngum og sósa</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>→ Pizza af matseðli, miðstærð</li> <li>→ 2 lítra gos</li> <li>→ Stór skammtur af brauðstöngum og sósa</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>→ Pönnupizza af matseðli</li> <li>→ 2 lítra gos</li> <li>→ Stór skammtur af brauðstöngum og sósa</li> </ul> |
| 4.290 KR.*                                                                                                                                         | 3.890 KR.*                                                                                                                                              | 4.290 KR.*                                                                                                                                         |

\* Gildir fyrir klassískan, ítalskan og laufféttan (vegan) botu.

| MATARBOÐ                                                                                                                                                                           | HÓPATILBOÐ                                                                                                                                                              |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <ul style="list-style-type: none"> <li>→ Tvær stórar pizzur af matseðli</li> <li>→ Tvö meðlæti að eigin vali</li> <li>→ Tvær sósur að eigin vali</li> <li>→ 2 lítra gos</li> </ul> | <ul style="list-style-type: none"> <li>→ 2 stórar pizzur með 2 áleggstegundum</li> <li>→ Stór skammtur af brauðstöngum og sósa</li> <li>→ Gott að eigin vali</li> </ul> |
| 5.990 KR.*                                                                                                                                                                         | 4.990 KR.*                                                                                                                                                              |

**+3.000 KR. PÖNTUN**  
Ef verslað er fyrir 3.000 kr. eða meira er heimsending innifalín í þöntuninni.

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345